



# kjarninn

12. útgáfa – 7. nóvember – vika 45

## LAUGAVEGUR EKKI LENGUR DRAUGAVEGUR

Árið 2008 voru 37  
hús auð við Lauga-  
veg og nágrenni

Í dag hefur helsta  
verslunargata  
borgarinnar gjörbreyst

Fjölgun ferðamanna  
lykilþáttur í því  
að efla verslun



# **Engar áhyggjur**

**Gulu hnapparnir virka kannski ekki í vefútgáfu Kjarnans. Þeir eru hannaðir fyrir iPad og virka sumir bara þar...**

**Upplifðu Kjarnann í sínum náttúrulegu heimkynnum í iPad.**



# Efnisyfirlit

12. útgáfa  
7. nóvember 2013  
vika 45



## DANMÖRK

Pylsusúgarnir að tapa fyrir 7-Eleven

## PISTILL

„Hann vinur minn er samkynhneigður. Eitt var að koma út úr skápnunum í Mosfellsbæ á þessum tíma, annað að heyrna hryllingssögur af hinum skæða sjúkdómi...“

Auður Jónsdóttir rithöfundur



## STJÓRNMÁL

Ísland verður að styrkja stöðu sína



## ÍPRÓTTIR

Borgin borgar ekki fyrir stækkun vallar



## SKIPULAGSMÁL

Fimm verstu byggingaákvæðanir



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló&Indí

## Næsta mál á dagskrá er landvinningar

## ÁLIT

„Íslenskir fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um áhrif þunnrar eiginfjármögnunar á skatttekjur íslenska ríkisins. Í mars á þessu ári vakti t.d. umfjöllun Kastljóss mikla athygli.“

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna




## MATUR

Hægur matur er orðinn hraður



## DÓMSMÁL

Segja dóminn ekki skipta sköpum



## MARKAÐSMÁL

Auglýsingar í sjónvarpi sem virka

## ÁLIT


„Nefndu dæmi, segir fólk þegar ég held þessu fram og því miður er það ekkert mál. Sum þeirra eru augljós og lítið mál að benda á en önnur eru duldari og flóknara að setja fingurinn á.“

Freyja Haraldsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar



## TÍSKA

Haust- og vetrar-tískan hjá konum



## KAROLINA FUND

Að slá í gegn á netinu

k  
kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708  
kjarninn@kjarninn.is  
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórunn Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann  
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.



# Hinn stóri ljóti heimur

## LEIÐARI

Ægir Þór Eysteinnsson  
aegir@kjarninn.is



Deildu með umheiminum



**V**igdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og formaður fjárlaganefndar Alþingis, vill hegna íslenskum námsmönnum sem ekki snúa aftur til baka til landsins að námi loknu, með því að láta þá borga markaðsvexti af námslánum sínum. Óþarfi er að fjölyrða um afleiðingar slíkrar firru á hag íslenskra námsmanna erlendis, en vangaveltur Vigdísar eru enn einn sorglegi vitnisburðurinn um þjóðrembu Framsóknarflokksins.

Rök Vigdísar um að velta skuli við öllum steinum vegna fjárskorts íslenska ríkisins eru áhugaverð, sérstaklega í ljósi þess að stjórnvöld afþökkuðu pent tugmilljarða króna skatttekjur frá ferðaþjónustunni og útgerðinni með lækkun veiðileyfagjaldsins og afnámi virðisaukaskattshækkunar á gistinætur. Þetta er sami þingmaðurinn og lofaði rausnarlegri tugmilljarða króna innspýtingu inn til Landspítalans í aðdraganda alþingiskosninga, sem síðan kom auðvitað á daginn að voru orðin tóm.

Vangaveltur Vigdísar byggjast ekki síst á þeim þanka-gangi sem Framsóknarflokkurinn vill fódra hjá almenningi, að hinn stóri ljóti heimur vilji klekkja á Íslendingum. Hann muni gleypa okkur í einum munnbita um leið og við göngum inn í Evrópusambandið, og svo vilji hann líka stela menntafólkinu af okkur, sem við kostuðum til náms með blóði, svita og tárur. Og menntafólkinu beri að refsa fyrir að velja útlendinga fram yfir samlanda sína.

Framsóknarflokkurinn sigraði í alþingiskosningunum með því að lofa peningum frá kröfuhöfum föllnu bankanna til handa skuldugum. Eins og flestir vita eru samningar við kröfuhafana algjör lykilsforsenda fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna, sem halda lífi í andvana íslenskri krónu, og skuldaleiðréttingu Framsóknarflokksins. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, sem ekki tekur mark á útlenskum skammstöfunum, hefur talað í þá veruna að Íslendingar muni aldrei beygja sig undir ljótu karlana í útlöndum sem keyptu kröfur á föllnu bankana. Hart verði tekið á þessum hrægömmum. Þannig hefur hann stillt upp ljóta útlenska businessfólkinu andspænis íslensku þjóðinni, og það hefur tekist.

Til marks um taktleysi stjórnarleiðtoganna í þessum efnunum sagði forsætisráðherra í nýlegu viðtali að hann ætti von á því að samningaviðræður við kröfuhafanna tækju langan tíma. Skömmu áður sagðist Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra vonast til að hægt yrði að sjá til lands varðandi afnám haftanna í apríl. Forsætisráðherra vísaði á bug ásökunum um óeiningu og sagði þá Bjarna fullkomlega sammála um að afnám haftanna gætu tekið stuttan og langan tíma. Engin áhöld væru um það í ríkisstjórninni.

En landinn er farinn að ókyrrast. Framsóknarflokkurinn hefur nefnilega nagað í væntingar þeirra sem kusu hann til valda undanfarnar vikur og mánuði. Á meðan þeir samstarfsflokkurinn þunnu hljóði og er varla til svara um boðaðar aðgerðir, hann er kannski bara að vona að fólk gleymi? Það er farið að örla á óþreyju og pírtingi hjá landanum, jafnvel örvæntingu um að skuldaniðurfærslan verði hvorki fugl né fiskur. Raunsæi getur nefnilega alveg eyðilagt fyrir manni daginn.

Svo er auðvitað slatti farinn í fylu. Fylgi Framsóknarflokksins hefur minnkað um nærri tíu prósentustig frá kosningunum samkvæmt nýlegum þjóðarpólusi Capacent. Flokkurinn hefur bent á fjölmiðla sem helsta orsakavaldinn, þeir séu beinlínis vondir við Framsóknarflokkinn. Meira að segja hefur því verið hóttað að skera niður fjárframlög til ríkismiðilsins girði hann sig ekki í brók. Ætli ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í boðuðum skuldaaðgerðum, þjóðrembu og gaspri Vigdísar Hauksdóttur sé þó ekki helst um minnkandi fylgi Framsóknarflokksins og ríkisstjórnarinnar að kenna.

Heimurinn vill ekkert klekkja á okkur, þó að Framsóknarflokkurinn vilji telja okkur trú um það. Tökum á vanda-málum okkar, forgangsroðum og byggjum upp að nýju, þá er ekkert að óttast.



**kjarninn**

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is  
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.



*„Kannski þarf að fórna  
einhverju þegar fólk er  
að fara út í sína stærstu  
fjárfestingu.“*

Skúli G. Ingvarsson  
Fjármálaráðgjafi



Lánamöguleikar




**ARION ÍBÚÐALAUSNIR**

Allt um íbúðalán hér

 Arion banki

# GALLERÍ

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin







### Farin til Mars

Tímamót urðu í geimferðaáætlun Indlands á þriðjudag þegar geimfari var skotið á loft frá geimrannsóknarstofnun Indlands í Sriharikota, við strendur Bengalflóa. Geimfarið er ómannað en því er nú siglt um himinhvolfin til Mars og á að gera þar rannsóknir. Indverjar urðu með þessu fyrsta Asíubjóðin til að senda geimfar til Mars en þangað hafa aðeins Rússar, Bandaríkjamenn og Evrópumenn farið í leiðangur.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til  
að sjá alla myndina





N1 KORTIÐ

Árið 2012 söfnuðust  
**190 milljónir**  
**punkta**



Komum af stað!

**N1**





### **Ekkert hefur til hennar spurst**

Nadesjda Tolokonnikova, einn meðlima pönksveitarinnar Pussy Riot, er að því er virðist horfin í rússneska fangelsiskerfinu. Í það minnsta hefur eiginmaður hennar ekki heyrt frá henni síðan áður en hún var flutt milli fangabúða 21. október síðastliðinn. Talið er að hún sé í fangabúðum í annað hvort Tsjúvasíu eða Tsjeljabinsk. Tolokonnikova á eina dóttur sem fædd er árið 2008 með manni sínum.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til  
að sjá alla myndina





### Stolin málverk komu í leitirnar

Safn sem inniheldur 1.500 stolin málverk komst í leitirnar á sunnudaginn þegar kjallari barnabarns listsafnarans Hildebrands Gurlitt var kannaður af lögreglu og tollayfirvöldum. Gurlitt hafði komist yfir listaverkin á óprúttinn hátt á tíma Þriðja ríkisins í Þýskalandi. Safnið inniheldur margar perlu þekktustu meistaranna; Picasso, Matisse og Chagall þeirra á meðal. Brot af myndunum má finna á [vef New York Times](#).

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til  
að sjá alla myndina







### Berlínarmúrinn til sölu

Heilir hlutar úr Berlínarmúrnum eru nú til sölu í Teltow í Þýskalandi. Sunnudaginn 9. nóvember verða 24 ár liðin síðan múrinn féll og í kjölfarið alræðið í austurhluta Evrópu. Múrinn sem Þýska alþýðulýðveldið reisti milli austurs og vesturs árið 1961 og einskismannslandið handan múrsins voru tákn um aðskilnaðinn og gjána sem ríkti milli kommúnisma og kapítalisma á síðari hluta 20. aldarinnar.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til  
að sjá alla myndina





U.S.A , Global BIG BROTHER

STOP WATCHING  
Internet & Us

JINBONET

### Bandaríkin eru Stóri bróðir heimsins

Í Suður-Kóreu er nýsnum Bandaríkjamanna um ráðamenn mótmælt, eins og í Evrópu. John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur undanfarið lagt sig allan fram við að sefa reiði heimsins eftir að Edward Snowden lak gögnum um nýskni Bandaríkjamanna. Málið virðist nú hafa áhrif á viðskiptasamninga Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Mynd: AFP



Snúðu skjánum til  
að sjá alla myndina





LÚXUSNET TALS

---

# Góðar fréttir fyrir fólk sem fílar Netflix.

---

Bættu smá lúxus í netið þitt

---

**FYLGIR**  
MED ÖLLUM  
NETPÖKKUM

**KYNNTU ÞÉR KOSTI LÚXUSNETSINS**



# Burlington herðir tökin á Íslandi



Deildu með  
umheiminum





**V**ogunarsjóðurinn Burlington Loan Management hefur keypt 26 milljarða króna skuldir Lýsingar. Auk þess eignaðist þrotabú Glitnis nýverið tæplega átta prósentu hlut í Klakka, stærsta eiganda Lýsingar. Burlington er langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis og á auk þess um fimmtungshlut í Klakka. Þessi risavaxni vogunarsjóður, sem hefur sérstakan áhuga á gjaldþrota íslenskum fjármála-fyrirtækjum, hefur því verið að styrkja stöðu sína mjög hérlandis það sem af er ári.

### Úti um allt á Íslandi

Burlington Loan Management er skráður til heimilis á Írlandi. Sjóðnum er hins vegar stýrt, og hann fjármagnaður af, bandaríska sjóðstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner, þrettanda stærsta vogunarsjóði Bandaríkjanna. Til að átta sig á stærð og áhrifamætti Davidson Kempner er fyrirtækið með alls um 20 milljarða dala, um 2.500 milljarða króna, í stýringu. Landsframleiðsla Íslands á árinu 2012 var tæplega 70 prósent af þeirri upphæð.

Burlington og aðrir sjóðir Davidson Kempner eru langstærsti kröfuhafi Glitnis ásamt því að vera fimmti stærsti kröfuhafi Kaupþings og eiga kröfur á Landsbankann. Þeir eiga líka stóran hlut í Straumi og 6,7 prósentu hlut í Bakkavör. Þá er Burlington á meðal stærstu eigenda Klakka, sem hét áður Exista, en vorið 2013 var hluturinn kominn upp í um það bil 20 prósent.

### Höfðu fjárfest fyrir 524 milljarða króna

Kjarninn hefur ársreikning Burlington fyrir árið 2012 undir höndum, en honum var skilað inn til fyrirtækjaskráar í Írlandi í síðasta mánuði. Þar kemur fram að sjóðurinn hafi alls fjárfest fyrir 2,7 milljarða punda, um 524 milljarða króna. Á árinu 2012 jukust fjárfestingar sjóðsins um 157 milljarða króna.

Vert er að taka fram að þessi tala segir ekkert um þær hækkanir eða lækkanir sem orðið hafa á eignum sjóðsins



### Hinn gjaldþrota Glitnir

Burlington er langstærsti kröfuhafi Glitnis. Protabú Glitnis eignaðist nýverið óbeint hlut í Klakka. Burlington á um fimmting í Klakka.

heldur einungis það sem hann hefur keypt fyrir. Sem dæmi voru kröfur á Glitni seldar á um þrjú prósent af nafnvirði í nóvember 2008 þegar margir vogunar- og fjárfestingasjóðir byrjuðu að kaupa þær. Virði þeirra hefur allt að tífaldast í verði. Krafa sem keypt var á einn milljarð króna gæti því verið allt að tíu milljarða króna virði í dag.

Burlington-sjóðurinn hafði fjárfest fyrir rúmlega 2,7 milljarða punda, 524 milljarða króna að nafnvirði, í lok síðasta árs. Það eru

þeir peningar sem sjóðurinn hefur eytt í fjárfestingar en sú upphæð tekur ekki tillit til þeirrar virðisaukningar sem orðið hefur á eignunum sem hann hefur keypt.

Í ársreikningnum kemur fram að 16 prósent fjárfestinga sjóðsins hafi verið á Íslandi, eða um 84 milljarða króna. Þegar tekið er tillit til þeirrar virðisaukningar sem orðið hefur á sumum kröfum sjóðsins hérlandis er ljóst að hann á eignir sem verðmetnar eru hið minnsta á vel á þriðja hundrað milljarða króna. Miðað við væntar endurheimtir hjá Glitni var hlutur Burlington í bankanum til dæmis metinn á 241,3 milljarða króna í maí síðastliðnum. Burlington er langstærsti kröfuhafi bankans. Auk þess er vert að taka fram að fjárfesting Burlington í Bakkavör telst bresk, ekki íslensk.

### Fékk afhentan hlut í Klakka

Holt Funding, sem er svokallað SPV-félag sem Glitnir á óbeint að öllu leyti, átti 28,4 milljarða króna kröfu í þrotabú Klakka sem hefur verið í ágreiningi í lengri tíma. Fyrir á þessu ári, nánar tiltekið hinn 11. september, fékk Holt Funding afhentan 7,9 prósent hlut í Klakka í samræmi við nauðasamning félagsins sem skuldajöfnun vegna þessarar kröfu. Hlutirnir voru greiddir með nýju hlutafé. Þar með var Glitnir orðinn óbeinn stór eigandi að Klakka, sem á meðal annars





## „HERRA ÍSLAND“

Sá sem hefur verið fyrirferðarmestur hérlendis á vegum Davidson Kempner-sjóðsins, sem stýrir og fjármagnar Burlington Loan Management, er tæplega fertugur Breti, Jeremy Clement Lowe. Hann starfar fyrir Davidson Kempner European Partners í London, sem er dótturfélag Davidson Kempner. Ísland var fyrsta verkefni Lowe fyrir sjóðinn eftir að hann réð sig þangað kringum hrún. Hann hafði áður starfað lengi hjá endurskoðunarrísanum KPMG.

Lowe er af mörgum kallaður „Herra Ísland“ vegna þess að hann virðist vera alls staðar á landinu.

Ljóst er að áhrif Lowe innan kröfuhafahóps stóru bankanna eru umtalsverð. Til marks um það var hann skipaður í sex manna nefnd sem var falið það verkefni að velja nýja stjórn í Glitni ef hugmyndir um nauðasamning bankans gengju eftir og kröfuhafar tækju yfir. Hann er þar eini fulltrúi sérstaks vögunarsjóðs.

VÍS, Lýsingu og Símann. Og Burlington var þá vitaskuld orðinn stærsti langstærsti kröfuhafi Glitnis.

Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri Glitnis, segir að hluturinn hafi ekki verið seldur og að tiltölulega stutt sé síðan hann hafi verið afhentur Holt Funding. Glitnir er eini kröfuhafi Holt Funding og hafi því yfirráð yfir félaginu.

Kaup Burlington á 26 milljarða króna skuldum Lýsingar líta því öðruvisi út þegar þau eru skoðuð í þessu ljósi. Sjóðurinn á einfaldlega mikilla hagsmuna að gæta hjá Lýsingu. Samkvæmt Magnúsi Scheving Thorsteinssyni, forstjóra Klakka og stjórnarformanni Lýsingar, höfðu viðræður um þessa endurfjármögnun staðið yfir frá því í vor.

Kjarninn leitaði eftir upplýsingum um hvernig eignarhald á Klakka skiptist eftir þessar hræringar. Magnús Scheving vildi ekki veita frekari upplýsingar en þær að þrír aðilar ættu meira en tíu prósent hlut. Þeir væru Kaupþing, Arion banki og Burlington Loan Management.



*Hver er  
framtíð  
íslenskrar  
orku?*

---

Hautfundur Landsvirkjunar  
í Hörpu 13. nóvember kl. 14.00

---

Taktu þátt í fundinum. Skráning og  
bein útsending á [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is)

---






# Slæmar byggingarákvarðanir

**S**kipulagsmál eru oftar en ekki uppspretta deilna í sveitarfélögum. Þetta á ekki síst við um það þegar plássfrekar byggingar fá að rísa innan um lægri hús. Á undanförunum árum hafa margar stórar byggingar risið á höfuðborgarsvæðinu sem umdeilanlegt er hvort eru mikil þrýði fyrir höfuðborgarsvæðið. Sumar virðast hafa verið beinlínis óþarfar með öllu, þrátt fyrir að vera tugþúsundir fermetra að stærð, eins og Korputorgið. En hvaða byggingarákvarðanir eru það helst sem geta talist umdeildar eða slæmar? Sitt sýnist hverjum um þetta efni en Kjarninn rýndi í stöðuna og valdi fimm byggingar sem geta talist lýsandi fyrir slæmar byggingarákvarðanir.

## SKIPULAGSMÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)



# 1.

## Turninn í Kópavogi

Í Kópavogi er 20 hæða turn sem hýsir margvíslega starfsemi. Hann er til margra hluta nýtilegur. Í honum eru verslanir, tannlækna- stofa, endurskoðunarskrifstofa, ýmiss konar ráðgjafarverkefni, banki, líkamsræktarstöð, veitinga- hús og margvísleg önnur starf- semi. Það má segja að í þessu húsi blómstri þverskurður af atvinnulífi landsins, frá smáum fyrirtækjum til stórra. Það er því ekki innihaldið í húsinu sem er gagnrýnivert, heldur útlit þess og staðsetning. Hverjum datt það í hug að setja þennan turn á lágsta punktinn í Smárahverfinu í Kópavogi, með brekkubyggð nær allt í kring? Svo virðist sem einbeittur vilji til þess að skyggja á útsýni sem flestra hafi ráðið för þegar þessi bygging var heimiluð. Eins og áður segir nýtist turninn ágætlega til atvinnusköpunar en það lítur út eins og einhver hafi misst hann úr mikilli hæð og hann hafi troðist þarna niður í Smár- anum. Í hrópandi ósamræmi við umhverfi sitt.







## 2.

### Höfðatorg

Í Höfðatorgi mikið er líf.

Hamborgarafabrikkann er á neðstu hæðinni. Þar er jafnan margt um manninn og mikið fjör, íslensk tónlist og hamborgarar. Það er blanda sem klikkar ekki (sem einlægur aðdáandi Rúnars Júl heitins finnst mér alltaf notalegt að hitta hann þegar inn á staðinn er komið!).

Þá hefur smátt og smátt færst líf á hæðir hússins og hýsir það nú margvíslega starfsemi. Samherji, Fjármálaeftirlitið og lögmannastofan BBA Legal eru með starfsemi í húsinu. Peningarnir flæða því um starfsemi sem er þarna, svo mikið er víst. En þrátt fyrir þetta er húsið ævintýralega ljótt og hálfgerður minnisvarði um að verktakar hafi fengið of lausan tauminn. Bygging hússins og ákvörðunin um hana ætti að vera veruleiki í hinum frábæru þáttum *The Wire*, þar sem peningaþvættið blómstrar í verktakabransanum í Baltimore, en ekki í alvörinni í Reykjavík.

Reyndar er Höfðatorg í ágætu samræmi við þunglamalegt skipulag í Borgartúni og nærumhverfi þess (Núna eru fimm byggingakranar í bakgarði Borgartúns 26. Taldi Aliber þá með um daginn?)

Ein mögnuð undantekning er frá skipulagsslysinu. Það er hið magnaða listaverk *Obtusa* eftir Rafael Barrios, sem stendur fyrir utan Höfðatorg í miðju hringtorgi. Ég geng alla daga í gegnum Borgartúnið, fram og til baka, og það gleður alltaf að sjá verkið úr fjarlægð, svo í nálægð og svo lifnar það aftur við þegar komið er framhjá því. Þessi fimi Barrios með víddir er óskiljanleg snilld.





### 3.

#### Skuggahverfið

Það varð auðvitað að byggja Manhattan-þakíbúðir í Reykjavík þegar efnahagsbólun þandist út. Annað hefði verið stílbrot á því sem Paul Krugman, nóbelsverðlaunahafi í hagfræði árið 2008, kallaði „mesta brjálæði af öllu brjálæði“ þegar hann lýsti einkennum íslensku efnahagsbólunnar og útpenslu bankakerfisins á fundi í Hörpu hinn 27. október 2011. Skuggahverfið fékk einhverra hluta vegna að rísa. Það var táknrænt þegar bankarnir hrundu eins og spilaborg 7. til 9. október 2008 að húsin stóðu meira og minna tóm í Skuggahverfi. Eins og fukkmerki í jaðri miðborgarinnar, sem kallaðist ágætlega á við frægustu skiltaskilaboð Búsáhalda- byltingarinnar; Helvítis fukking fukk. Nú, fimm árum síðar, er meira líf í húsunum í hverfinu, en ytra útlit þeirra og umgjörð er eins og klippt út úr hlutverkaleiknum Cyberpunk eftir Mike Pondsmith. Dimmt, hátt, dökkt og drungalegt. Alveg eins og í fyrstu útgáfu Cyberpunk-sögunnar, sem á að gerast 2020, það er eftir sjö ár. Það þarf reyndar ýmislegt að ganga á ef sagan hjá Pondsmith á að ganga eftir. Þar ber líklega hæst að allir íbúar hverfisins þurfa að vígbúast óhemju öflugum skotvopnum og vera tilbúnir að drepa og verja sig af mikilli festu fyrir skyndi-árásam. En grínlaust er hin dimma ásýnd Skuggahverfisins – sem er reyndar réttnefni í ljósi áhrifa á nærumhverfið – ekki það sem miðborgin þurfti á að halda. Að byggja lúxusíbúðir fyrir moldríka í miðborgarjaðrinum með sjávarútsýni er einkennilega skýr birtingarmynd þess að vilja setja hina ríku á hærra stall en aðra samfélagsþega. Þetta átti ágætlega við um efnahagsbóluna en er eins og minnisvarði um hana í dag. Auk þess reyndist hverfið innihaldsríkt af alls kyns hönnunargöllum og innri meinum. Svipað og efnahagsundrið. Flísar hrundu utan af húsunum á tímabili og sköpuðu stórhættu fyrir vegfarendur í næsta nágrenni. Gallarnir hafa verið uppspretta dómsmála sem íbúar hafa höfðað. Því verður þó ekki á móti mælt að íbúðirnar húsunum í Skuggahverfi eru margar hverjar glæsilegar.

## 4.

### Perlan

Perlan er mögnuð bygging og útsýnið þaðan stórbrotið. Það er líka mikil upplifun í því fólgin fyrir fólk að geta snúist á meðan góðs matar er notið innandyra. Frá því að byggingin var vígð, hinn 21. júní 1991, hefur í henni verið metnaðarfull veitingaþjónusta þar sem mikið er lagt upp úr góðri þjónustu og mat. En í bland við hana hefur í húsinu verið alls konar starfsemi, til skemmri eða lengri tíma, sem er víðs fjarri virðuleika sælkeramatarins á efstu hæðinni. Líklega hefur enginn þeirra sem tóku ákvörðun um byggingu hússins á sínum tíma fyrir fé skattgreiðenda í Reykjavíkurborg getað ímyndað sér þetta mikla mannvirki yrði notað til þess að hýsa tímabundna geisladiska- og DVD-markaði, auk fleiri tímabundinna verkefna. Það bendir til þess að húsið sé ekki þarft, allra síst fyrir Reykjavíkurborg. Enda hefur kostnaður við húsið alla tíð verið íþyngjandi fyrir borgina og dótturfyrirtæki hennar. Orkuveita Reykjavíkur hefur verið með Perluna í söluferli undanfarin ár, í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækisins. Margir hafa sýnt því áhuga að kaupa bygginguna en salan hefur ekki enn verið kláruð.







## 5.

### Korputorg

Það fer væntanlega að líða að því að Korputorgi verði breytt í eitthvað annað en verslunarhúsnæði. Til dæmis gagnaver eða risavaxið refabú, svo fullkomlega óþörf er þessi viðbót við það mikla verslunarhúsnæði sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu. Í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins McKinsey um íslenskan efnahag er á það bent að miklu meira verslunarrými sé hér á landi en í nágrennalöndum okkar, þegar horft er til fermetra verslunarhúsnæðis á hvern íbúa. Korputorg var opnað í október 2008, á versta tíma í Íslands-sögunni. Húsið er gríðarlega stórt, um 45 þúsund fermetrar, og er uppbyggt eins og dæmigerð „outlet“-verslunarmiðstöð eins og víða sést erlendis, ekki síst í Bandaríkjunum. Ekki hefur verið mikið líf í húsinu frá því að starfsemi hófst þar þó að fyrirtækin sem þar eru með starfsemi hafi haldið úti metnaðarfullum verslunum alveg frá byrjun. Það er til marks um vandamál þegar kemur að verslun í Korputorgi að stærsta smásölufyrirtæki landsins, Hagar, tók nýverið ákvörðun um að hætta með rekstur í húsinu.





## Jól bragðlaukanna hefjast 20. nóvember á Sjávargrillinu

**Jólagrillpartí Sjávargrillsins** - Harður pakki fullur af mykt, fjöllaga góðgæti sem skilar hinni sönnu upplifun yls, friðar og allsnæga. Afgreitt fyrir borðið í heild. Verð 8.700 á mann.

**Sælkerapakkinn Sjávargrillsins** - fjöggra rétta hátíðarblanda fjölbreytileika og ferskra hugmynda í bland við hefð. 7.900 á mann.

**Litlujólín** - í hádeginu eru litlujólín sem reyndar eru fullvaxin briggja rétta jólaveiða, forréttur er jólaplatti aðalréttur, kjöt- eða fiskitvenna og í eftirrétt, ris ála mandé með heltri karamellusósu með jólabragði.

**Fílubomba og fínmeti** - Skótuilmurinn liðast upp eftir Skólavörðustígnum á Þorláksmessu 11:30 til 16:00 Verð 4.900 á mann  
**Pantið tímanlega**, nú þegar farið að þéttast í árlega Skótuveislu Sjávargrillsins.



SKÓLAVÖRÐURSTÍGUR 14 • 101 Reykjavík  
www.sjavargrillid.is • Sími 571 1100

**Opnunartími yfir hátíðarnar.**

23. des 11:30-16:00 & frá 17:00

24. & 25. des lokað 26. des frá 17:00

31. des 11:30-16:00 & frá 17:00 1. jan frá 17:00



Deildu með  
umheiminum



# Að kunna á landa- kort og áttavita

Ísland er einangrað í fjármagnshöftum fimm árum eftir að fjármála-  
kerfið hrundi. Alþjóðapólitísk staða landsins er flókin. Hvert skal stefnt?  
Kristján Guy Burgess rýnir í stöðuna í greinaflokkí Kjarnans.



**I**sland þarf að styrkja stöðu sína til austurs og vesturs, norður og suður. Ný alþjóðleg staða hefur fært Ísland aftur inn á borð alþjóðlegrar umræðu en það er kúnst að vinna með hana svo hún þjóni sem best hagsmunum Íslands.

Í síðustu grein var fjallað um stærsta markað fyrir íslenskar vörur og þjónustu og hversu nauðsynlegt sé að vera með rétta stefnu í samskiptunum við Evrópu. Ekkert kemur í staðinn fyrir rétta afstöðu gagnvart stærstu mörkuðum þótt rakið sé að opna nýjar dyr og vinna nýjar lendur. Keyri stjórnvöld ranga Evrópustefnu eða enga getur það kostað íslenska hagsmuni mikið.

Þegar kemur að öryggismálunum skiptir mestu að eiga þétt og gott samstarf við næstu þjóðir. Á síðustu fjórum árum hefur margt verið unnið í þjóðaröryggismálum Íslands. Niðurstöður Hættumatsnefndar fóru til umræðu hjá sérstakri þjóðaröryggisnefnd sem skipuð var fulltrúum allra flokka á Alþingi. Samstarfið við Bandaríkin var eftt og breikkað eftir lögðirnar sem sambandið fór í eftir brotthvarf varnarliðsins, tímamótayfirlýsing hefur verið samþykkt á vettvangi Norðurlandarákjanna um samstöðu þegar hætta knýr dyra og meðal markmiða með auknu samstarfi við Evrópu var að stuðla að langtímaöryggi sem felst í að tilheyra sterku bandalagi ríkja sem hafa bundist heiti um samstarf um frið og velmegun.

## Landafræðin er útgangspunkturinn

Áhrif ríkja miðast fyrst út frá landakortinu. Lega Íslands skipti miklu út frá hernaðarlegu sjónarmiði í seinni heimsstyrjöldinni og þjóðin var mikilvægur bandamaður annarra vestrænna ríkja í Kalda stríðinu. Það varð til þess að þjóðin hvarf frá hlutleysisstefnu millistríðsáranna. Um langt árabíl hvíldi öryggi Íslands á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Nýr veruleiki þar sem taka þarf tillit til margvíslegra áhættuþátta kallar á að öryggismálin séu unnin út frá breiðum grundvelli en ekki sé einungis horft til fjarlægrar hernaðarógnar. Það kallar á fjölbreytt samstarf við vinaþjóðir.

## ANNAR HLUTI AF ÞREMUR

Kristján Guy Burgess,  
fyrirverandi aðstoðarmaður  
utanríkisráðherra, fjallar  
um Ísland í litrófi alþjóða-  
stjórn mála í þremur hlutum í  
Kjarnanum.

**Aðeins í iPad!**

Lesstu fyrsta hluta  
umfjöllunarinnar:

1. Afsakið hlé





„Sambandinu við Bandaríkin var klúðrað með röngu stöðumati, misheppnaðri strategíu um hverju ná skyldi fram, og samningatækni þar sem hurðum var skellt fremur en að leita að sameiginlegri lendingu við Bandaríkjastjórn sem virtist einbeitt í sínum ásetningi að draga saman seglin á Íslandi.“

Íslendingar færðu sér landfræðilega stöðu sína í nyt til að ná hagstæðum samningum í Þorskastríðunum þar sem látið var í það skína að gengið yrði úr Atlantshafsbandalaginu og samskiptin við Sovétríkin aukin til muna, hættu Bretar ekki að beita valdi gagnvart íslensku Landhelgisgæslunni.

Íslendingar tefldu djarft við samningaborðið en höfðu sterka stöðu og voru í takt við alþjóðlega þróun þess tíma um útfærslu landhelgi til verndar fiskistofnum. Óttinn við úrsögn Íslands úr NATO var tromp sem átti ríkan þátt í að skila Íslendingum bestu mögulegu niðurstöðu í hinni langvinnu deilu.

### Öryggissamstarf við Bandaríkin

En þegar ráðamenn meta strategíska stöðu rangt er ekki von á góðu. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar mistókst illilega að vinna með landafræðina í samningunum við Bandaríkjamenn sem lauk með brotthvarfi varnarliðsins árið 2006. Sambandinu við Bandaríkin var klúðrað með röngu stöðumati, misheppnaðri strategíu um hverju ná skyldi fram, og samningatækni þar sem hurðum var skellt fremur en að leita að sameiginlegri lendingu við Bandaríkjastjórn sem virtist einbeitt í sínum ásetningi að draga saman seglin á Íslandi og nýta herafla sinn annars staðar. Þegar Keflavíkurstöðinni var lokað töluðu áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum meira að segja um að slíta ætti varnarsamningnum.

Vegna áhugaleysis og vantrúar forystu Sjálfstæðisflokksins á áhrif loftslagsbreytinga og hvernig þær myndu leiða til gjörbreyttrar umræðu um stöðu norðurslóða var ekki leitast við að þróa samvinnu áfram til sameiginlegra verkefna, heldur haldið dauðahaldi í horfna stöðu Kalda stríðsins. Þegar forseti Íslands hóf að vekja athygli á hættunum sem sköpuðust af loftslagsbreytingum á norðurslóðum kallaði forsætisráðherra Sjálfstæðisflokksins það að hann væri að mála skrattann á vegginn og skrattinn væri óskemmtilegt veggskraut. Þetta varð meðal annars til þess að ekkert hafði verið unnið með hugmyndir um sérstaka sameiginlega miðstöð fyrir leit og björgun á norðurhöfum fyrr en Össur



Skarphéðinsson tók þær upp á utanríkisráðherrafundi við Hillary Clinton í Washington vorið 2010. Báðar þjóðir ættu að hafa mikinn hag af slíkri miðstöð.

## Aukin ábyrgð


Við brotthvarf varnarliðsins var gert samkomulag þar sem Íslendingar tóku á sig aukna ábyrgð á vörnum landsins og kostnaði af því. Á síðustu árum hefur reynst þörf á að treysta ýmislegt í því samkomulagi betur að þörfum Íslands; boðleiðir hafa verið skýrðar og öryggissamstarfið styrkt með því m.a. að bæta við áherslum á norðurslóðasamvinnu, m.t.t. umhverfisöryggis og leitar og björgunar, hryðjuverkavarnir, skipulagða glæpastarfsemi og netöryggi.

Þrátt fyrir breyttar aðstæður standa varnar-skuldbindingar Bandaríkjanna gagnvart Íslandi á grundvelli varnarsamningsins óhaggaðar og þétt varnar- og öryggissamstarf við Bandaríkin er ennþá lykilþáttur í alþjóða-pólítískri stöðu Íslands, hvað sem líður áhyggjum af framferði einstakra stofnana þeirra. Ísland er einfaldlega eina Evrópuríkið sem hefur samið við öflugasta ríki veraldar um varnir sínar og það er staða sem stöðugt verður að minna á og vinna með.

Sambandið við Bandaríkin nær hins vegar til mun fleiri þátta en öryggisins eins. Í fyrirlestri í Washington setti ég það fram að það væri þó jafn einfalt og upphaf stafrófsins, A, B, C, D (Arctic, Business, Culture, Defense). Norðurslóðir búa til nýja vídd í samvinnunni, einkum við Alaska, en í Washington hafa menn verið að vakna til vitundar um mikilvægi norðurslóða á síðustu árum og sett aukna vigt í málaflokkinn, sem merkja má af ráðherrabátttöku í störfum Norðurskautsráðsins.

Að byggja gott samband við þessa öflugu þjóð þýðir ekki takmarkalaus fylgispekt í öllum málum, eins og sást í frumkvæði síðustu ríkisstjórnar um sjálfstæði Palestínu, eða þögn gagnvart því þegar stórveldið fer yfir strikið með hlerunum og aftökum. Stöðugt þarf að vinna í að efla viðskiptasamvinnu og menningar-, orku-, og vísindasamstarf





### **Davíð og Bush**

Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, og George W. Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna, sjást hér stinga saman nefjum á fundi.





við sterkasta efnahagsveldi heims þar sem fremstu háskólar starfa. Til þeirra mála þarf að verja meira fjármagni og mannafla en hingað til hefur verið gert.

## Hvalur undir steini

Besta leiðin til að skapa ný viðskiptatækifæri við Bandaríkin á breiðum grunni til langs tíma liggur – ótrúlegt en satt! – í gegnum Evrópusambandið og hið nýja, stóra viðskiptasvæði sem er í undirbúningi hjá Bandaríkjunum og ESB. Síðasta ríkisstjórn hafði tryggt aðkomu Íslands að ferlinu í gegnum stöðu þess sem umsóknarríkis og fengið vilyrði ESB og utanríkisráðherra Bandaríkjanna fyrir því. Þeirri stöðu hefur ný ríkisstjórn spilað burt en í sárabætur verið beðið um samflot með Norðmönnum og leitað leiða í gegnum EES til að fylgjast með því sem gerist í samningum stórveldanna.

Í Hruninu kom í ljós að þegar kom að efnahagsaðstoð litu Bandaríkin ekki lengur á Ísland sem hluta af sínu áhrifasvæði, heldur var vandi Íslands vandamál Evrópu í þeirra augum. Það má skýrt sjá í afstöðu Bandaríkjamanna til umræðu í Bretlandi að þeir kjósa að eiga samvinnu við Evrópuríki í gegnum ESB, einkum á viðskiptasviðinu, og vilja alls ekki að þeirra nánasta samstarfsríki austan Atlantshafs, Bretar, yfirgefi ESB.

Tvíhliða viðskiptasamningur Íslands við Bandaríkin er í besta falli langsóttur í stöðu dagsins í dag vegna lítills áhuga vestanhafs og þess að ekki verður hægt að semja um landbúnaðarmál í slíkum samningi nema til komi alger stefnubreyting hér á landi um innflutning á landbúnaðarvörum.

Í Hruninu kom einnig í ljós að Bandaríkin hugðust sitja hjá fremur en að beita sér til stuðnings efnahagsáætlunar Íslands hjá AGS. Þetta sýndi fram á hversu lítil rækt hafði verið lögð við sambandið við Bandaríkin eftir vonbrigði varnarsamninganna við Bush-stjórnina. Eftir mikinn þrýsting frá Íslandi mátti merkja breytingu á þeirri afstöðu til stuðnings Íslendingum og að óboðlegt væri að ótengd mál, eins og Icesave, væru notuð til að kúga þjóð sem hafði



„Engu að síður tóku fulltrúar allra flokka þátt í störfum nefndarinnar. Þjóðaröryggisnefndin vann með skýrslu Hættumatsnefndar og gerði atlögu að mótun fyrstu þjóðaröryggisstefnu Íslands. Skýrsla nefndarinnar var nánast tilbúin í vor þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins komu í veg fyrir að starfinu yrði lokið.“

lent í efnahagsáfalli. Sú umræða hafði síðan ófyrirséðar afleiðingar sem þúfan sem velti Wikileaks-hlassinu eins og Chelsea (áður Bradley) Manning skýrði frá fyrir rétti.

Stærsta pólitíska vandamálið í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna um þessar mundir snýst hins vegar um hvalveiðar Íslendinga. Bandaríkin hafa hótað viðskipta- aðgerðum og sett á diplómáttískar aðgerðir gegn Íslendingum sem geta komið niður á samstarfi um mikilvæg hagsmunamál. Gremja þeirra snýst fyrst og fremst um veiðar Hvals hf. á stórhvelum og hafa þau bætt í aðgerðir sínar eftir að þær veiðar hófust að nýju. Ætli ný stjórnvöld að treysta samstarfið vestur um haf eins og lýst hefur verið yfir verður að fara fram rækilegt hagsmunamat sem tekur meðal annars til hvalveiða og viðskipta með stórhvelakjöt.

### Þjóðaröryggi í brennidepli

Vorið 2009 lauk Hættumatsnefnd störfum sem lagði mat á þær hættur sem stöðjuðu að þjóðaröryggi Íslands. Ekki var talin hætta á hernaðarógn en margvíslegar hnattrænar, samfélagslegar og hernaðarlegar hættur krefðust viðbúnaðar hér á landi. Í framhaldinu lagði utanríkisráðherra fram tillögu á Alþingi um sérstaka þjóðaröryggisnefnd til að fjalla um og gera tillögur um stefnu sem tryggði þjóðaröryggi Íslands á grundvelli her- og vopnleysis. Eftir umfjöllun í þinginu var tillagan samþykkt með atkvæðum allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins, sem greiddi atkvæði á móti. Engu að síður tóku fulltrúar allra flokka þátt í störfum nefndarinnar. Þjóðaröryggisnefndin vann með skýrslu Hættumatsnefndar og gerði atlögu að mótun fyrstu þjóðaröryggisstefnu Íslands. Skýrsla nefndarinnar var nánast tilbúin í vor þegar fulltrúar Sjálfstæðisflokksins komu í veg fyrir að starfinu yrði lokið en þá þegar hafði nefndin náð sögulegum samhljómi í nokkrum af helstu deilumálum þjóðarinnar í 60 ár.

Meðal þess sem nefndin var sammála um var að Ísland sem herlaus þjóð yrði að tryggja öryggi sitt með virkri samvinnu við önnur ríki og stofnanir. Þess er beðið að sjá





# BREIÐARI, LENGRI, LÉTTARI OG HLAÐINN BÚNAÐI



## Nýr ŠKODA Octavia Combi 4x4.

ŠKODA Octavia Combi er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

**ŠKODA Octavia Combi 4x4**  
**4.890.000,-**



Eyðsla frá 3.8 l/100 km



CO<sub>2</sub> frá 99 g/km



5 stjörnur í áreksrar-  
prófunum EuroNcap





hvernig ný ríkisstjórn hyggst halda þeirri vinnu áfram, en núverandi utanríkisráðherra var á meðal þeirra sem tóku þátt í uppbyggilegu starfi nefndarinnar.

## **Virk í NATO**

Utanríkisráðherra hefur gert það að einu af sínum helstu áherslumálum að styrkja samvinnuna við Atlantshafsbandalagið. Þar hefur verið samþykkt ný grunnstefna þar sem helstu áherslumál Íslands náðu fram að ganga, meðal annars um áherslu á mannréttindi og alþjóðalög í starfi bandalagsins, aukna samvinnu borgaralegra og hernaðarlegra stofnana, um konur, frið og öryggi og vernd barna í stríði, og um að stefnt sé að heimi án kjarnavopna. Það eina sem hefur reynst erfitt að ná fram af hagsmunamálum Íslands hjá NATO er að bandalagið gefi þróun mála á norðurslóðum meiri gaum, ekki síst út frá leit og björgun, en Kanadamenn hafa ítrekað lagst gegn því áherslumáli Íslands og Noregs á vettvangi bandalagsins. Það væri áhugavert ef öflugra samstarf við Kanada, sem ríkisstjórnin hefur boðað, leiddi til þess að aukinn samhljómur yrði meðal þjóðanna þegar kemur að þessu hagsmunamáli innan NATO.

Meðal þess sem gripið var til við brotthvarf Bandaríkja-hers var að gera sérstaka grannríkjasamninga við nágretta-þjóðir um samvinnu á varnar- og öryggismálasviðinu. Slíkir samningar eru nú til við Noreg, Bretland, Danmörku og Kanada og viðræður hafa farið fram við fleiri ríki. Þannig hnýtir Ísland hnútana til að auka öryggi sitt. Ávallt þarf að vera vakandi í öryggismálunum.

## **Norræn samstöðuyfirlýsing**

Á síðustu fjórum árum hafa Norðurlandarákin styrkt hefðbundið samstarf sitt til muna. Mikil vinna hefur verið lögð í að hrinda tillögum Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, í tólf liðum um aukið samstarf Norðurlandanna í utanríkis- og öryggismálum í framkvæmd. Tvær af sögulegustu niðurstöðunum snerta Ísland beint: Samstöðuyfirlýsing Norðurlandarákjanna um





## Loftvarnir við Ísland

Loftvarnir við Ísland hafa lengi verið þrætuepli á sviði stjórnmála.

gagnkvæm bjargráð þegar neyð bankar að dyrum og þátttaka Finna og Svía í loftrýmisgæslu yfir Íslandi.

Í samstöðuylfirlýsingunni frá 5. apríl 2011 segir að eðlilegt sé að Norðurlandarákin eigi með sér samvinnu í anda samstöðu um að mæta áskorunum á sviði utanríkis- og öryggisstefnu. Í þessu samhengi ræddu utanríkisráðherrar þjóðanna fimm mögulega áhættuþætti, meðal annars náttúruhamfarir og hamfarir af manna völdum, netárásir og hryðjuverk. Verði eitthvert Norðurlandarákjanna fyrir slíku áfalli munu hin löndin koma til aðstoðar, sé þess óskað, með viðeigandi hætti.

Á sömu lund hefur varnarmálasamstarf Norðurlandarákjanna undir hatti NORDEFKO tekið flugið og pólitískt samstarf um helstu deilumál heimsins hefur verið afar fjölbreytt, enda reyndir og áhrifamiklir einstaklingar verið í forystu Norðurlandarákjanna í utanríkismálum. Norðurslóðir hafa líka bætt við nýrri vídd. Þetta leiðir til þeirrar ályktunar að norrænt samstarf hafi ekki áður verið öflugra en á síðustu fjórum árum.



# ÍTAREFNI

## Varnarmálalögin og helstu atriði

Utánríkisráðuneytið

## Loftrýmiserfirlit og loftrýmisgæsla

Utánríkisráðuneytið

## Varnarsamningurinn við Bandaríkin

Utánríkisráðuneytið

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

Norðurlandaríkin eru fjölskylda Íslendinga og það voru þau sem komu fram með lánsfé til að fjármagna efnahags-áætlun AGS og Íslands, en samvinna við Eystrasaltsríkin hefur einnig aukist mikið, m.a. innan NB8-samstarfsins. Á öryggissviðinu hefur Ísland einnig ákveðið að taka þátt í öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netöryggi sem Eistland hýsir í Tallinn. Við Eystrasaltið er um að ræða trausta bandamenn Íslands innan Evrópu sem eru ævinlega þakklátir fyrir það lið sem Ísland lagði við endurheimt sjálfstæðis þeirra frá Sovétmönnum fyrir 20 árum og hafa reynst vinir í raun.

## Réttu tækin til að rata

Hér hefur verið tekið saman hversu miklu máli skiptir hverja þjóð að huga að þjóðarörygginu og þar af leiðandi að tryggja stöðu sína í samvinnu við önnur ríki. Þar skiptir öllu að þekkja landfræðilega stöðu og hvernig unnt sé að vinna með hana, það þarf bæði landakort og áttavita til að rata rétta leið. Ísland er Evrópuþjóð og tilheyrir öryggissamstarfi Evrópuríkja. Að auki hefur Ísland forréttindasamband við öflugasta ríki heims í vestri og þétt fjölskyldubönd við nágranna á Norðurlöndum og í Eystrasalti.

Ný staða á norðurslóðum og þróun heimsviðskiptanna getur skapað fjöldann allan af nýjum tækifærum sem nauðsynlegt verður að nýta fyrir íslenska hagsmuni. Í næstu grein verður fjallað um tækifærin fram undan og hvernig hægt er að hafa áhrif með skýrum og markvissum málflutningi um hagsmuna- og áherslumál Íslands.







# Borgin borgar ekki stækkun vallarins

## ÍPRÓTTIR

Pórður Snær Júlíusson  
[thordur@kjarninn.is](mailto:thordur@kjarninn.is)



Deildu með umheiminum

**R**eykjavíkurborg mun ekki greiða fyrir frekari uppbyggingu á Laugardalsvelli né fyrir nýjan þjóðarleikvang fyrir frjálsar íþróttir. Ef slík uppbygging á að eiga sér stað verður íslenska ríkið að greiða fyrir hana. Þetta segir Ingvar Sverrisson, formaður Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR), en bandalagið gætir hagsmuna íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík gagnvart opinberum aðilum og vinnur að skipulagningu á íþróttastarfsemi í borginni.

Í kjölfar þess að selst hefur upp á tvo síðustu heimaleiki



Smelltu til að lesa frétt  
Morgunblaðsins um  
málið frá 1. nóvember  
2013

Íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu hefur skapast mikil umræða um hvort fjölga þurfi sætum við Laugardalsvöll til að fleiri sem vilja komist á völlinn. Þetta var síðan tengt við að ekki væri lengur samrýmanlegt að vera með þjóðarleikvang sem nýttur væri bæði fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir. Því þyrfti helst að byggja nýjan frjálsíþróttaleikvang í höfuðborginni samhliða breytingum á Laugardalsvelli.

## Veltur á pólitískum vilja

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, hefur sagt í fjölmiðlum að ekki yrði ráðist í uppbyggingu á Laugardalsvelli, sem fæli meðal annars í sér að hlaupabrautir yrðu fjarlægðar, völlurinn yrði lækkaður og lágreistar stúkur yrðu reistar við hvorn enda vallarins, nema í samvinnu við eiganda vallarins, sem er Reykjavíkurborg. Í samtali við Morgunblaðið fyrr í þessum mánuði sagði Geir að „allt veltur á pólitískum vilja“.

Ingvar tekur undir þá kröfu að skynsamlegt væri að laga Laugardalsvöll og byggja nýjan frjálsíþróttavöll. Peningar til slíkra verkefna yrðu hins vegar að koma frá ríkinu. „Forgangsröðun fjármuna hjá Reykjavíkurborg er ekki með þeim hætti að bygging þessarra mannvirkja sé forgangsatriði. Það vantar til að mynda tilfinnanlega íþróttahús í Grafarvogi. Auk þess er nauðsynlegt að ráðast í kostnaðarsamt viðhald á mörgum öðrum íþróttamannvirkjum. Ég tel því að Reykjavíkurborg geti ekki gert þetta. Ég styð kröfur Frjálsíþróttasambandsins og KSÍ, en ríkið verður að borga.“

## Skilgreina þarf þjóðarleikvanga

Fjórum dögum fyrir síðustu alþingiskosningar skipaði Katrín Jakobsdóttir, þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, starfshóp til þess að gera tillögu um stefnu um þjóðarleikvanga fyrir íþróttir. Meðal annars átti hópurinn að gera tillögu um skilgreiningu á hugtakinu „þjóðarleikvangur“, um hvernig aðkoma ríkis skyldi vera að verkefnum sem tengjast skilgreindum þjóðarleikvöngum, um forsendur sem liggja ættu til grundvallar vali á íþróttaleikvangi sem þjóðarleikvangi og um mannvirki í Laugardalnum sem til greina



## BREYTINGAR SEM YRÐU Á LAUGARDALSVELLI SAMKVÆMT FYRIRLIGGJANDI HUGMYNDUM

- Hlaupabraut fjarlægð
- Völlur lækkaður
- Hitakerfi sett í völinn og úðarakerfi í kringum hann
- Stúkur byggðar við báða vallarenda
- Sæti byggð framan við eldri stúkur
- Tvær einingar fluttar að enda stærstu stúkunnar
- Niðurstæða: 14-15 þúsund manns í sæti

kæmu sem þjóðarleikvangur. Ástæða þessa er mjög skýr – einungis einn staður er skilgreindur þjóðarleikvangur í dag. Það er Hlíðarfjall á Akureyri, sem er skíðaþjóðarleikvangur Íslands.

Þessi hópur átti að skila af sér í lok júní síðastliðins en vegna þess að einn nefndarmanna varð bráðkvaddur síðastliðið sumar hefur hópurinn fengið skilafrest til áramóta.

### Fór langt fram úr áætlunum síðast

Reykjavíkurborg er líkast til nokkuð brennd á því að taka á sig kostnað vegna stúkubygginga við Laugardalsvöll. Síðast þegar ráðist var í slíka, þegar stóra stúkan var stækkuð auk þess sem höfuðstöðvar KSÍ voru innlimaðar í völinn, fór kostnaður langt fram úr áætlunum. Upphaflega átti kostnaður við það verk að vera 1.068 milljónir króna og hlutur borgarinnar 428 milljónir króna. Krafa KSÍ á borginu í verklok hljóðaði hins vegar upp á 1.020,5 milljónir króna, 553,1 milljón meira en upphaflega hafði verið samið um, og heildarkostnaður við alla framkvæmdina varð 1.658 milljónir króna. Fyrrverandi borgarlögmaður, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, var fenginn til að fara yfir hver bæri ábyrgð á framúrkeyslunni og komst að þeirri niðurstöðu að KSÍ bæri hana.

Sátt um málið náðist að lokum í desember 2008 og borgin greiddi KSÍ hluta þeirrar upphæðar sem sambandið sóttist eftir að fá endurgreidda vegna framkvæmdarinnar.





LAUGAVEGUR EKKI LENGUR DRAUGAVEGUR:


# Búið að reka draugana út



Deilda með  
umheiminn.is



01/05 **kjarninn** BORGARMÁL



árunum fyrir bankahrún var það nokkuð útbreidd skoðun að miðborg Reykjavíkur væri ekki aðlandi staður. Verslun var á hröðum flóttu úr þessum hluta borgarinnar og inn í verslunarmiðstöðvarnar. Þar gátu neytendur enda verið inni í hlýjunni. Ýmis fasteignafélög höfðu auk þess keypt upp fjölmargar eignir á völdum skipulagsreitum á og við Laugavegin, aðalgötu borgarinnar. Í flestum tilfellum ætluðu þau sér að rífa húsin og byggja nýjar, oft á tíðum risavaxnar, byggingar í þeirra stað. Meðal annars hugðist Samson Properties, félag sem var í eigu feðganna Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, byggja verslunarmiðstöð sem næði frá Laugavegi og niður að Skúlagötu. Inngangur verslunarmiðstöðvarinnar, sem átti að vera 25 þúsund fermetrar að stærð, átti að vera þar sem höfuðstöðvar Kjarnans eru í dag, á Laugavegi 71. Hinn endi hennar átti að vera þar sem Kex Hostel stendur í dag við Skúlagötu. Hefðu áformin gengið eftir hefði Kex, sem nýverið var valið á meðal sjö bestu farfuglaheimila í heimi af sjónvarpsrisanum CNN, aldrei orðið til.


## Hústökufólk í auðum húsum

Mörg þessara fasteignapróunarfélaga stóðu í stappi við borgaryfirvöld vegna skipulagsmála. Þau höfðu keyptu fullt af húsum á völdum skipulagsreitum en gerðu í raun ekkert við þau. Á meðan félögin, og fjárfestarnir á bak við þau, reyndu að fá leyfi til að byggja nýaldarleg gímöld í miðborginni stóðu húsin sem þau höfðu keypt mörg hver auð. Samkvæmt samantekt sem skipulags- og byggingarsvið borgarinnar lagði fyrir borgarráð í byrjun apríl 2008 voru 37 hús auð í miðborg Reykjavíkur. Þar af voru 16 hús við helstu verslunargötu borgarinnar, Laugaveg. Það voru um ellefu prósent allra húsa á þeim kafla Laugavegarins sem tilheyrir póstnúmeri 101.

Hústökufólk hafði hreiðrað um sig í um þriðjungi þessara húsa. Mikil óþrifnaður fylgdi veru þess í húsunum. Líkamsúrgang og ummerki eftir fíkniefnaneyslu var

Aðeins í iPad!

# Drif húsa sem voru auð 2008



## UPPBYGGINGU LOKIÐ

Laugavegur 99  
Laugavegur 74 (hús flutt)  
Tryggvagata 18, 18A, 18B, 18C  
Harpa, Tónlistar- og ráðstefnuhús  
Ingólfsstræti 1

## UPPBYGGING SAMKVÆMT SKIPULAGI

Geirsgötuplan  
Mjólnisholt

## FALLIÐ FRÁ NIÐURRIFI

Vallarstræti 4  
Vallarstræti 7  
Thorvaldsensstræti 2 (framhlið)  
Laugavegur 45

## ENDURGERÐ LOKIÐ

Austurstræti 12A  
Austurstræti 14A  
Laugavegur 4  
Laugavegur 6  
Skólavörðustígur 1A  
Laugavegur 46

## NIÐURRIFUM LOKIÐ

Á bak við Laugaveg 17  
Á milli Hverfisgötu 71 og 73  
Hverfisgata 92A

## HEIMILAÐ NIÐURRIF

Hverfisgata 42  
Hverfisgata 42A (bakhús)  
Laugavegur 27A  
Smiðjustígur 4  
Smiðjustígur 4A  
Smiðjustígur 6

## HÚS FLUTT

Á milli Hverfisgötu 42 og 46

## ENDURGERÐ Í STAÐ NIÐURRIFS

Laugavegur 19  
Klapparstígur 30 (minning um hús)  
Frakkastígur 16

## Í ENDURSKOÐUN/BIÐ- STÖÐU

Laugavegur 33  
Laugavegur 35  
Bakhús Laugavegar 33  
Vatnsstígur 2  
Vatnsstígur 4







Sjá Sigmund Davíð  
Gunnlaugsson skipulags-  
hagfræðing gagnrýna  
byggingu nýs Listaháskóla

að finna víða í þessum byggingum. Auk þess virtust sum fasteignaþróunarfélögin gera í því að leigja óæskilegum leigjendum sem sköpuðu óþægindi fyrir nærliggjandi íbúa húsnæðin. Þannig leigði Samson Properties meðal annars velhjólasamtökunum Fáfni hús sem það átti við Hverfisgötu og félagið vildi rífa. Á því svæði ætlaði Samson Properties að byggja 13.500 fermetra skólabyggingu fyrir Listaháskóla Íslands. Skólinn ætlaði síðan að leigja húsnæðið af Samson til 30 ára á 210 milljónir króna á verðlagi ársins 2007. Leigu-samningi Samson Properties við Fáfni var sagt upp snemma árs 2008 í kjölfar víðtækra lögregluaðgerða við húsinn.

Samson Properties heitir í dag Vatn og Land og er í eigu ALMC, félags sem myndað var utan um eignir gamla Straums fjárfestingarbanka. Sá hafði verið stærsti kröfuhafi félagsins. Önnur félög sem áttu mikið af eignum í miðborginni, á borð við Festar ehf. og ÁF-hús ehf., urðu gjaldþrota við banka-hrunið og lítið sem ekkert fékst upp í kröfur í bú þeirra.

## **Kreppan bjargaði Laugaveginum**

Það er óhætt að segja að miklar breytingar hafi orðið á Laugaveginum og nágrenni frá því að hann var afskrifaður af peningaöflunum fyrir hrun og varð fyrir vikið nokkuð hrörlegur á sama tíma og restin af samfélaginu átti að vera í blússandi uppgangi. Sú tálmynd reyndist síðar auðvitað vera byggð á engu öðru en ódýru erlendu lánsfjármagni sem að mestu reyndist ógerlegt að endurgreiða.

Kreppan hefur nefnilega farið ákaflega vel með Laugavegin. Borgaryfirvöld hafa einsett sér að gera þessa táknmynd Reykjavíkur meira aðlandi og hluti af því var að taka ákvarðanir um hver framtíð þeirra bygginga sem áður stóðu auðar yrði. Slíkar ákvarðanir hafa að mestu verið teknar á undanförunum árum og þau örfáu hús sem standa nú auð á þessu svæði munu brátt víkja fyrir nýjum byggingum sem þegar er búið að samþykkja.

Ástæðan er fyrst og síðast fjölgun ferðamanna sem sækja Ísland heim. Árið 2008 komu tæplega 473 þúsund útlingingar hingað til lands í gegnum Leifsstöð. Í lok september í ár



Sjá frétt Stöðvar 2 um byggingu verzlunar- miðstöðvar árið 2007

höfðu 640 þúsund manns komið til landsins með sama hætti. Búist er við að allt að 750 þúsund erlendir gestir muni heimsækja Ísland áður en árið er úti.

Þessi gríðarlega fjölgun hefur skilað sér til Laugavegarins. Þar hafa sprottið upp búðir sem einblína á íslenska hönnun eða ferðaþjónustutengdan varning, matsölustaðir, hótél og aðrar tegundir gistirýma til að þjónusta allan þennan gífurlega fjölda. Sum þeirra svæða sem áður voru í niðurníðslu og átti að rífa fyrir nýaldarbyggingum hafa einmitt farið undir slíka þjónustu. Þar ber að nefna áður nefnt Kex Hostel og Hljómalindarreitinn svokallaða, þar sem nýtt 142 herbergja Ícelandair-hótél mun rísa sumarið 2015.

Lokun Laugavegarins fyrir bílaumferð yfir sumar- mánuðina hefur auk þess gert mikið fyrir endurlífgun svæðisins. Þar iðar nú mannlíf þar sem áður gerðist lítið utan hefðbundins næturlífs um helgar.

## **Frekari fjölgun fram undan**

Upprisa Laugavegarins og nágrennis er líkast til ekki á enda komin. Samkvæmt skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins Boston Consulting Group um framtíð íslenskrar ferðaþjónustu, sem birt var í september 2013, er gert ráð fyrir sjö prósentu árlegum vexti á næstu tíu árum í geiranum. Það þýðir að ferðamenn sem koma hingað til lands verði ein og hálf milljón milljón innan áratugar, tvöfalt fleiri en þeir eru í dag. Flestir þeirra munu, í lengri eða skemmri tíma, heimsækja ósæð Reykjavíkur, Laugaveginn.



# Ég sá það á Facebook

**MARKAÐSMÁL**  
Gísli Jóhann  
Eysteinnsson  
gisli@kjarninn.is



Deildu með  
umheiminum



**A**uglýsingabransinn er í stöðugri þróun og fyrirtæki leita sífellt nýrra leiða til að koma skilaboðum sínum á framfæri. Tilgangur auglýsinga getur þó verið æði misjafn og ljóst er að hægt er að fara margar mismunandi leiðir í hugmyndavinnu, framleiðslu og dreifingu á þeim.

Með auknum vinsældum samfélagsmiðla verður sífellt algengara að auglýsingar séu framleiddar sérstaklega með þá í huga og þær gerðar aðgengilegar á vefnum í þeirri von að þær njóti vinsælda á þeim vettvangi í formi áhorfs og deilinga.

Takist vel til á því sviði öðlast auglýsingar oft sitt sjálfstæða líf á internetinu. Þar spila samfélagsmiðlarnir stórt hlutverk enda dreifist auglýsingin sjálfkrafa, án kostnaðar fyrir auglýsandann.

Það eru þó ekki alltaf stóru og þekktu vörumerkin sem fá mesta áhorfið, því lítil og minna þekkt vörumerki geta náð miklu flugi á samfélagsmiðlunum, sérstaklega ef auglýsing er skemmtileg, og jafnvel er ekki verra að hún sé ögn skrytín eða ögri hinu hefðbundna á einn eða annan hátt.

Kjarninn á sínar upphaldsauglýsingar sem fengu mikla deilingu á samfélagsmiðlum í október.

## Mercedes-Benz: Magic body control

Aðeins í iPad!



Hvað eiga Mercedes-Benz og hænur sameiginlegt? Sjón er sögu ríkari.

## Melbourne-lestakerfið: Dumb ways to die

Aðeins í iPad!



Melbourne Metro með mjög óhefðbundna auglýsingu til að brýna fyrir fólki að fara varlega.

## PlayStation 4: Perfect Day

Aðeins í iPad!



Hinn fullkomni dagur í tölvuheimum. Blessuð sé minning Lou Reed.

## Evian: Baby & Me

Aðeins í iPad!



Dansandi börn eru alltaf líkleg til vinsælda.





# Kynslóðaskipti við taflborðið?

ÍÞRÓTTIR  
Magnús Teitsson



Deildu með umheiminum

**L**augardaginn 9. nóvember næstkomandi munu augu skákáhugafólks beinast að Chennai á Indlandi þegar þeir Viswanathan Anand og Magnus Carlsen setjast að tafla með heimsmeistaratitilinn í húfi. Einvígis þeirra hefur verið beðið með eftirvæntingu árum saman og því er ekki úr vegi að skoða bakgrunn keppendanna og leggja mat á horfurnar.



Smelltu til að sjá  
Viswanathan Anand  
vinna leiftursnöggan  
sigur á Levon Aronian

## Heimsmeistarinn


Viswanathan Anand er fæddur árið 1969 og alinn upp í Chennai á Suður-Indlandi (áður Madras), þar sem einvígið fer fram á næstu vikum. Hann þótti snemma efnilegur og var orðinn Indlandsmeistari sextán ára gamall en mesta athygli vakti hann þó fyrir ofurmannlegan hraða. Hann kláraði gjarnan kappskákir á örfáum mínútum en ekki klukkustundum og var fyrir vikið uppnefndur „Sláturhúsið hraðar hendur“. Hraðinn kom þó ekki niður á gæðum taflmenskunnar, því rétt rúmlega tvítugur var hann farinn að vinna stórmót á borð við Reggio Emilia 1991, þar sem Karpov og Kasparov tóku einnig þátt.

Árið 1993 komst Anand í fjórðungsúrslit áskorenda-einvígjanna en tapaði þar fyrir áðurnefndum Anatólí Karpov. Það sama ár stofnaði heimsmeistarinn Garrí Kasparov stórmeistarasarntökin PCA, sem deildu við Alþjóða skák-sambandið FIDE næstu árin um eignarhald á heimsmeistaratitlinum. Þeir Kasparov og Anand tefldu síðan einvígi um PCA-titilinn árið 1995 á 107. hæð suðurturns World Trade Center í New York, þar sem Kasparov vann að lokum sannfærandi eftir að Anand hafði staðið í honum lengi vel. Árið 1998 var komið að einvígi um FIDE-titilinn við Karpov, sem hófst einungis þremur dögum eftir að hundrað manna áskorendamóti lauk. Þrátt fyrir þá forgjöf Karpovs að geta mætt óþreyttur til leiks hélt Anand jöfnu í stuttu einvígi þar til Karpov náði að kreista fram sigur í styttri skákum.

Námið í skákskóla Karpovs og Kasparovs skilaði sér þó að lokum. Anand mætti Alexei Sjírov árið 2000 í Teheran og eftir að hafa burstað þann lettneska  $3\frac{1}{2}$ - $\frac{1}{2}$  var hann útskrifaður sem heimsmeistari FIDE. Tveimur árum síðar missti hann hins vegar þann titil með tapi fyrir Úkraínumanninum Vassílí Ívantsjúk í undanúrslitum heimsmeistarakeppninnar.

Heimsmeistaratitlar FIDE og PCA voru sameinaðir, eins og títt er í heimi hnefaleikanna, árið 2006 þegar Rússinn Vladímír Kramnik sigraði Búlgarann Veselin Topalov í einvígi sem einkenndist af ásökunum um svindl og álíka leiðindum. Kramnik varð þannig fjórtándi óumdeildi





heimsmeistarinn í skák. Hann var þó ekki lengi kóngur í ríki sínu, því ári síðar var haldið átta manna mót í Mexíkóborg þar sem heimsmeistaratitillinn var í húfi. Anand vann sannfærandi og hefur síðan varið heimsmeistaratitilinn í einvígjum gegn Kramnik, Topalov og Ísraelanum Boris Gelfand.

## Áskorandinn

Þegar Anand var kominn í heimselítu skákmanna var Magnus Carlsen ennþá í bleyju, en hann er fæddur árið 1990 og ólst upp í Lommedalen, þrjú þúsund manna smábæ í nágrenni Óslóar. Carlsen er skólabókardæmi um undrabarn; fimm ára gamall þekkti hann hvern einasta þjóðfána á jarðriki, fyrir utan auðvitað að geta þulið heiti höfuðborga og upplýsingar um mannfjölda og flatarmál hvers lands. Undir handleiðslu Simen Agdestein, sem eitt sinn var þekktur fyrir að vera eini stórmeistari heims sem líka var landsliðsmaður í fótbolta, blómstraði Carlsen við taflborðið. Hann varð stórmeistari aðeins þrettán ára gamall árið 2004 og var þá næstungstur allra í sögunni til að ná þeim áfanga. Síðan þá hefur Carlsen unnið hvert risamótið á fætur öðru, sum hver með fáheyrðum yfirburðum, og er nú svo komið að hann er langefstur á styrkleikalista skákmanna með 2.870 Elo-stig, tveimur færri en í febrúar þegar hann náði hæstu stigatölu skáksögunnar.

Carlsen hefur þó ekki bara einbeitt sér að skákinni á þessum tíma, því hann gaf sér tíma til að gerast andlit gallabuxnaframleiðandans G-Star Raw og sat fyrir ásamt leikkonunni Liv Tyler í auglýsingum.

Gríðarlega öflugar tölvur hafa verið nauðsynlegur hluti af undirbúningi skákmanna frá því að Carlsen hóf feril sinn í barnæsku og er hann skínandi fulltrúi þeirrar kynslóðar sem þekkir ekkert annað. Meira að segja missti hann það eitt sinn út úr sér í viðtali að hann ætti ekki taflborð, því hann stúderaði bara í tölvunni.

Frá því að Carlsen var táníngur hefur verið litið á hann sem heimsmeistara framtíðarinnar og þóttu líkurnar á því ekki minnka við það að sjálf goðsögnin Garrí Kasparov





Magnus Carlsen þungt hugsi

þjálfaði drenginn um skeið. Það voru því töluverð vonbrigði þegar Carlsen tilkynnti árið 2010 að hann drægi sig út úr áskorendakeppninni, þar sem skipulag keppinnar gæfi ríkjandi heimsmeistara ósanngjarnt forskot. Þeim mun meiri er tilhlökkunin að sjá hann ráðast á Anand eftir að hafa unnið áskorendamót síðastliðið vor á stigum eftir að hafa orðið jafn Kramnik að vinningum.

### Einvígið

Þeir Anand og Carlsen teljast báðir meðal bestu skákmanna sögunnar en stíll þeirra er að mörgu leyti frekar

ólíkur. Skákstíll Anands má líkja við stíll Kasparovs, sem byggir á sóknartaflmennsku með löngum útreikningum, þó svo að hann hafi róast með árunum. Anand byggir byrjanaflmennsku sína á löngum og nákvæmum tölvustúðeringum í flestum afbrigðum og er talinn hafa besta teymi aðstoðarmanna og tölvubúnaðar sem í boði er. Þessi undirbúningur hans hefur gegnum tíðina skilað honum nokkrum auðveldum en glæsilegum sigrum jafnvel gegn bestu skákmönnum heims, þegar þeir hafa rambað inn í völundarhús byrjanaþekkingar heimsmeistarans. Carlsen reiðir sig meira á djúpa þekkingu á stöðunum sem koma úr byrjununum, enda hefur hann sagst líta svo á að hann sé besti skákmaðurinn hvar sem hann teflir og því vilji hann einfaldlega komast í miðtaflið og neyta þar aflsmunar. Carlsen er þekktur fyrir að tefla til síðasta manns og leita vinnings þar sem flestir myndu sættast á skiptan hlut. Hefur hann sviðið margan öflugan skákmanninn í endatafli, jafnvel upp úr fræðilegum jafnteflisstöðum. Þá hefur öflugt líkamlegt atgervi Norðmannsins unga komið sér vel.

Hjörvar Steinn Grétarsson, nýjasti stórmeistari okkar Íslendinga, telur að aldursmunur keppenda muni hafa mikið



YouTube

Smelltu til að sjá  
Magnus Carlsen  
og Liv Tyler sitja  
fyrir í auglýsingum  
G-Star Raw



Smelltu til að sjá Magnus Carlsen vinna þrautseigjusið á Ruslan Ponomariov

að segja: „Margir átta sig ekki á þeirri áreynslu sem svona einvígi felur í sér. Hægt er að líkja skák við stærðfræðiþróf, þar sem meðalskákir eru oftast ekki styttri en 3-4 klukkustundir, og stærðfræðiþróf af þeirri lengd eru ekki auðveld. Anand hefur hins vegar reynsluna þar sem hann hefur teft fjöldann allan af erfiðum einvígjum á meðan Carlsen hefur aldrei teft einvígi. Ég býst við flottu einvígum á milli tveggja frábærra skákanna. Þetta mun fara rólega af stað þar sem báðir þreifa fyrir sér, þá sérstaklega í byrjunum. Síðasta heimsmeistarainvígi var vonbrigði en ég bind miklar vonir við að þetta verði góð skemmtun. Ég tel að Carlsen muni vinna og halda titlinum um fyrirsjáanlega framtíð.“

Í komandi einvígi er teft í heimaborg Anands og er stuðningur við heimsmeistarann gífurlega mikill meðal indversku þjóðarinnar. Þrátt fyrir það er Carlsen talinn sigurstranglegrí í komandi einvígum, því veðbankar bjóða aðeins tæplega þriðjungs ávöxtun þeim sem leggja fé undir á sigur hans; stuðullinn hjá Betfair er 1,30 á sigur Carlsens en 3,80 á að Anand hafi betur. Sú staða er nefnilega uppi að áskorandinn er talinn töluvert sterkari en heimsmeistarinn, rétt eins og þegar Fischer og Spassky mættust í Reykjavík árið 1972, en Carlsen er langstígahæsti skákmaður heims meðan Anand er kominn niður í áttunda sæti á styrkleikalistanum. Enginn skyldi vanmeta heimsmeistarann en líklegt er þó að kynslóðaskipti verði við taflborðið í Chennai á Indlandi á næstu vikum.



# Pylsuvagnar á hverfanda hveli

## DANMÖRK

Friðrik Indriðason

**P**ylsuvagninn er eitt af helstu þjóðareinkennum Dana, svona svipað og smurbrauð og Litla hafmeyjan. Pylsuvagnar eru þó á hverfanda hveli í Danmörku þessa dagana og ef svo heldur sem horfir eru líkur á að þeir hverfi að mestu úr götmyndinni í dönskum borgum og bæjum.

Á stórveldistíma pylsuvagnanna í Danmörku á síðustu öld voru um 700 slíkir í fullum rekstri, þar af yfir helmingur á Kaupmannahafnarsvæðinu. Í dag finnast aðeins 40 pylsuvagnar á götum borgarinnar.

Danska blaðið Politiken fjallaði um þessa þróun nýlega, en þar var sjónum meðal annars beint að því sem mögulega mun koma í stað pylsuvagna í framtíðinni. Í ár hefur pylsuvögnum nefnilega fjölgað örlítið að nýju þar sem litlar kjötvinnslur hafa nýtt sér þróunina til nýsköpunar í pylsuvöðum. Hinir nýju vagnar selja annaðhvort lífrænt framleiddar pylsur eða sannkallaðar sælkerapylsur. Sá hængur er á fyrir kunnana að þessar nýju pylsur kosta á bilinu 40 til 45 danskar krónur, eða tvö- til þrefalt á við hinar hefðbundnu.



Deildu með umheiminum





Smelltu til að lesa umfjöllun Politiken um endurkomu pylsuvagnanna

## Banabittinn var 7-Eleven

Fækkun pylsuvagnanna hefur verið afar hröð frá árinu 1993, þegar fyrsta 7-Eleven verslunin í Kaupmannahöfn var opnuð. 7-Eleven verslanir bjóða upp á svipað úrval af pylsum og vagnarnir og í dag eru tæplega 200 slíkar verslanir starfandi í Danmörku.

Flestar bensínstöðvar í Danmörku bjóða einnig upp á svipað úrval og pylsuvagnarnir, og fram kemur í Politiken að samanlagt selja 7-Eleven og bensínstöðvarnar meira af pylsum en pylsuvagnanir gerðu á stórveldistíma sínum.

Þá má nefna að það eru ekki bara 7-Eleven verslanir sem tekið hafa viðskipavini frá hinum hefðbundnu pylsuvögnum. Tilkoma annarra skyndibitastaða á áttunda áratug síðustu aldar, eins og hamborgastaðanna McDonald's og Wendy's, hefur haft sitt að segja. Og á síðustu árum hefur mikil fjölgun á sushi-börum í Kaupmannahöfn einnig hraðað fækkun pylsuvagna.

## FYRSTU PYLSUVAGNARNIR KOMU 1920

Það var hinn 4. mars 1920 sem borgarstjórn Kaupmannahafnar veitti leyfi fyrir fyrsta pylsuvagninum í borginni. Ári seinna voru þeir orðnir sex talsins í borginni og tóku þá að breiðast út um allt landið. Pylsuvagninn var þó ekki dönsk uppfinning heldur þýsk, en pylsuvagnar komu fyrst fram á götum Berlínar á árunum fyrir fyrri heimsstyrjöldina. Tilkoma bensínprímusins var grundvöllurinn fyrir rekstri pylsuvagna, en prímusinn var notaður til að kynda koparketil með pylsunum í og brauðið var

hitað í kringum ketilinn. Á áttunda áratug síðustu aldar voru 700 pylsuvagnar í Danmörku, þar af 400 í Kaupmannahöfn. Í borginni hafði þeim fækkað niður í 93 árið 2007 og í ár eru þeir aðeins 40 talsins.

Þótt pylsuvögnum hafi hriðfækkað í Kaupmannahöfn hafa þeir orðið útflutningsvara frá Danmörku. Þannig hafa um 100 slíkir verið seldir til Rússlands og um 70 til Svíþjóðar svo dæmi séu tekin.

## Lífrænar pylsur

Þeir nýju pylsuvagnar sem teknir hafa verið í notkun á þessu ári eru annars vegar á vegum kjötvinnslunnar Den Økologiske Pølsemand og hins vegar á vegum Pølsekompagniet. Í þeim eru seldar lífrænt framleiddar pylsur eins og hinar frönsku merguez-pylsur, sem eru án allra bindi- og aukaefna og aðeins gerðar úr hreinu lamba- eða nautakjöti.



Innkoma Den Ökologiske Pølsemand á þennan markað kemur í framhaldi af því að í nokkur ár hefur þessi kjötvinnsla rekið mjög vinsælan pylsubás á Hróarskelduhátíðinni þar sem lífrænt framleiddar pylsur eru til sölu.

Í pylsuvögnum Pølsekompagniet er ekki hægt að fá eina hefðbundna ristaða eða rauða og brauð með, mörgum kúnnum til ama. Hins vegar má gæða sér á chipolata-pylsu með karabískri sósu (að sjálfsögðu með rommi út í) eða chorizo með jalapeño og fersku kóríander, svo dæmi séu tekin. Brauðið sem fylgir er bakað í ítalska bakaríinu Il Fornaio.



Smelltu til að lesa  
frekari umfjöllun  
Politiken um  
endurkomu  
pylsuvagnanna

### Tulip hoppar á vagninn

Langstærsta pylsuvagnakeðjan í Danmörku, Steff-Houlberg sem er í eigu Tulip-kjötvinnslunnar, hefur ákveðið að breyta nokkrum af vögnum sínum þannig að í þeim verði aðeins seldar lífrænt ræktar pylur og beikon. Forráðamenn Tulip segja að þetta sé tískan í dag og þeir verði að fylgja með. Í þessum mánuði verða því tveir nýir lífrænir eða „óko“-vagnar opnaðir á vegum Steff-Houlberg, annar við Nytorv og hinn við Dronning Louises Bro. Fleiri slíkir eru í bígerð, en pylsurnar sem þar verða seldar koma frá Aalbæk Specialiteter í Billund. Fram kemur í Politiken að í þessum óko-vögnum verði einnig verða boðið upp á hefðbundnar pylsur samhliða þeim lífrænt framleiddu.



## Veitingahúsarýnir ánægður

Ole Troelsø, veitingahúsarýnir viðskiptablaðsins Børsen, er ánægður með þessa þróun og segir að loksins sé danski pylsuvagninn hafinn til fyrri vegs og virðingar. Troelsø er annars þekktur fyrir að hafa stofnað til og standa árlega að meistara-keppni Danmerkur í einni með öllu (DM i hotdog).

„Ég vil geta gengið að skyndibita og það með hraði,“ segir Troelsø. „Og það finnst ekkert skjótara en pylsuvagninn í þeim efnun.“

Troelsø bendir á að ef pylsuvagnar geti boðið upp á sælkeramat eins þeir nýtilkomnu gera sé stutt í að aðrir sem sérhæfi sig í skyndibitum geri slíkt hið sama. Ekki sé ástæða til annars en að gleðjast yfir því.



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri barnafatafyrirtækisins Ígló&Indí

# Ígló&Indí tilbúið fyrir landvinninga



Deildu með umheiminum

## VIÐTAL

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is

„Á þessum tíma var hún búin að eignast tvö börn og fann fyrir því að það var tómarúm á markaðnum þegar kom að barnafötum. Þá helst fötum sem hönnuð væru með áherslu á þægindi, góðan hreyfanleika og fallega lita-samsetningu.“

**G**uðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri barnafatafyrirtækisins Ígló&Indí, stendur í stórræðum ásamt samstarfsfólki, ekki síst stofnandanum og hönnuðinum, Helgu Ólafsdóttur. Fyrirtækið stefnir á erlenda markaði og er unnið að undirbúningi þess hörðum höndum þessa dagana. „Við erum að vanda okkur og höfum mjög skýra sýn á það hvar við viljum koma okkar vörum á markað, sem er á Norðurlöndunum, Bretlandi og Norður-Evrópu,“ segir Tinna.

### Guð blessaði Ísland og fyrirtæki stofnað

Upphafið að Ígló&Indí, sem rekur meðal annars verslun í Kringlunni og sér skólum Hjallastefnunnar fyrir fatnaði, má rekja fimm ár aftur í tímann, um það bil sama tíma og íslenska hagkerfið riðaði til falls. „Helga stofnaði fyrirtækið nánast daginn eftir að Geir H. Haarde bað Guð að blessa Ísland. Það var djarft hjá henni að gera þetta á þessum tíma en hún var búin að undirbúa þetta í meira en tvö ár. Helga hefur mikla alþjóðlega reynslu úr hönnunargeiranum. Hún var yfirhönnuður hjá Ilse Jacobsen og hannaði einnig hjá Nikita og All Saints. Á þessum tíma var hún búin að eignast tvö börn og fann fyrir því að það var tómarúm á markaðnum þegar kom að barnafötum. Þá helst fötum sem hönnuð væru með áherslu á þægindi, góðan hreyfanleika og fallega lita-samsetningu,“ segir Tinna.

Helga var búin að hanna heila fatalínu og leggja mikla vinnu í hana. Í kjölfar hrunsins ákvað hún að draga aðeins saman seglin og fara fyrst fram með vörur úr flísefni, þar sem í því fólst minnsta áhættan að hennar mati. Eftir þeim vörum væri helst eftirspurn. Fötunum var vel tekið og seldust þau vel. „Í framhaldi af þessu hefur línán stækkað jafnt og þétt og seljum við í dag hversdagsföt, spariföt og flísföt fyrir börn á aldrinum 0-12 ára. Í upphafi var vörumerkið í Garðabæ, ef svo má segja. Það voru margar mæður í Garðabæ sem keyptu fötin í upphafi og þaðan vex merkið. Við höfum svo tekið Ígló&Indí inn í „meginstrauminn“ og stækkað þannig merkið,“ segir Tinna.

## UM ÍGLÓ&INDÍ


- Fagnaði fimm ára afmæli í október 2013. Fyrirtækið rekur eigin verslun í Kringlunni og eigin netverslun ásamt því að selja vörur sínar til tíu annarra verslana á Íslandi. Fyrirtækið ætlar sér að opna tvær aðrar eigin verslanir á Íslandi árið 2014. Til viðbótar eru vörur Ígló&Indí til sölu í 21 verslun erlendis.
- Hefur framleitt og selt tíu fatalínur. Vörumerkið er vel skilgreint á markaði út frá hönnun, verði, markaðs- og söluleiðum.
- Ætlar að fagna sex ára afmælinu erlendis ásamt enn skilvirkari framleiðslustjórnun
- Ígló&Indí sér um framleiðslu á öllum fatnaði Hjallastefnuskólanna, bæði á leik- og grunn-skólastigi, fyrir börn og starfsfólk. Fyrirtækið hefur átt í samstarfi við Hjallastefnuna í þrjú ár. Framleiðsla fyrirtækisins fer fram í Kína en öll hönnunar- og stjórnunarvinna á Íslandi.

„Ég hef oft séð það í mínum fyrri störfum í smásölugeiranum erlendis að vörumerkin sem ná árangri eru þau sem hafa lagt mikla áherslu á að gefa engan afslátt af sérstöðunni og gæðunum, þrátt fyrir öran vöxt.“

Ígló&Indí hefur vaxið úr því að vera agnarsmátt vörumerki fyrir einangraðan hóp í að vera þekkt vörumerki hér á landi og vaxandi á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Tinna segir að vel hafi gengið að þróa vörumerkið áfram á grunni þess sem lagt var upp með í upphafi. Miklu hafi skipt að ná góðum „tökum á vörumerkinu“, marka því sérstöðu bæði út frá hönnun, markaðssetningu og söluleiðum og rækta samband við viðskiptavinum. „Þegar ég kem að fyrirtækinu fyrir um tveimur og hálfu ári hef ég ásamt samstarfsfólki mínu lagt mikið upp úr því að styrkja vörumerkið og fyrir hvað það stendur og setja markmið um vöxt, markaðssetningu og dreifingu á þeim forsendum. Ég hef oft séð það í mínum fyrri störfum í smásölugeiranum erlendis að vörumerkin sem ná árangri eru þau sem hafa lagt mikla áherslu á að gefa engan afslátt af sérstöðunni og gæðunum, þrátt fyrir öran vöxt. Í raun má segja að á milli vörumerkis og viðskiptavinar þurfi að vera heiðarlegt og einlægt samtal. Á þetta leggjum við áherslu,“ segir Tinna.

Hún hefur reynslu úr smásölugeiranum, vann meðal annars hjá Baugi Group þegar umsvif þess félags voru sem mest á smásöluörkuðum í Bretlandi og á Norðurlöndunum, á árunum 2002 til 2008. Þá vann hún í fjármálageiranum frá 1996-2002, bæði hér á landi hjá VÍB Íslandsbanka, sem þá hét, og í Lúxemborg hjá Kaupþingi. Tinna segir þessa reynslu ómetanlega þegar komi að því að reka fyrirtæki sem sé að



A close-up portrait of a woman with blonde hair, looking slightly to the right. She is wearing a teal patterned scarf. The background is a wall covered in many small, colorful photographs or drawings, which are out of focus.

### **Þrotlaus vinna**

Tinna Ólafsdóttir segist viss um að fyrirtækið geti dafnað á erlendum mörkuðum. Ýmislegt þurfi þó að ganga upp. Mikilvægast sé að halda í gæðin og að vera með góða vöru í höndunum.

## UM TINNU ÓLAFSDÓTTUR

Hún hefur stýrt uppbyggingu Índí&Ígló á Íslandi og er með reynslu af smásöluverslun í Norður-Evrópu úr sínum fyrri störfum. Hún er með BA í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MS í fjármálum með áherslu á stjórnun frá Háskóla Íslands. Hún hefur alþjóðlega reynslu í smásölu, fasteignum og fjármálum, í samstarfi við framkvæmdastjórnir og/eða sem stjórnarmaður. Má þar nefna Day Birger et Mikkelsen, Magasin du Nord, Illum, Haga, Pyrrpingu/Stoðir og Atlas Ejendomme, Kaupthing Bank Luxembourg og VÍB Íslandsbanka.

slíta barnsskónum og ætli sér að stækka, þrátt fyrir að langt sé um liðið frá því að hún sinnti sumum þessum störfum, einkum í fjármálageiranum. „Ég er mjög stolt af þessari reynslu og hún hefur hjálpað mér og okkur í fyrirtækinu mikið. Ég hef líka reynslu af því að vera hinum megin við borðið, hvort sem er sem stjórnarmaður fyrir hönd fjárfesta eða til dæmis að semja við framleiðendur/vörumerki sem vilja koma vörum sínum í sölu í verslunarmiðstöðvum. Öll þessi reynsla nýtist vel í starfinu og tengslin sem byggjast upp í vinnu á alþjóðavettvangi gera það sömuleiðis.“

### Krefjandi samkeppnisumhverfi

Samkeppnin á barnafatamarkaði er hörð og um margt óvenjuleg sé horft sérstaklega til markaðarins á Íslandi. Samkvæmt könnunum sem gerðar hafa verið á vegum Capacent fer stór hluti innkaupa Íslendinga á barnafötum fram erlendis, um 49 prósent. Meðal annars af þessum ástæðum er markaðurinn hér á landi fyrir barnaföt minni en margir átta sig á, jafnvel þótt hann sé agnarsmár fyrir í alþjóðlegum samanburði einfaldlega vegna þess hve íbúar eru fáir á landinu og vaxtataækifæri þar með takmörkuð.

Verslun á internetinu er algeng þegar kemur að barnafötum á alþjóðavettvangi og segir Tinna að Ígló&Índí ætli sér að bjóða viðskiptavinum sínum upp á metnaðarfulla þjónustu, bæði í markaðssetningu og sölu, á netinu. „Víða erlendis eru 35 til 40 prósent allra viðskipta með barnaföt í gegnum netið, sem er miklu meira en hér á landi. Við ætlum að leggja mikla áherslu á þessa verslun í framtíðinni og höfum raunar alla tíð gert í okkar áætlunum.“



### Unnið í Skipholtiinu

Tinna og samstarfskonur hennar eru með vinnuaðstöðu í Skipholti 33 þar sem línurnar eru lagðar í starfsemi.

Lagerinn er líka á staðnum, en fötin eru framleidd í Kína. Það var einbeitt starfsfólk sem var að störfum þegar ljósmyndari Kjarnans leit við.

Verslunin í gegnum internetið á barnafatamarkaði er hins vegar flókin, segir Tinna. Hún þurfi að hanga saman við hefðbundan verslunarrekstur, þar sem fólk nálgist vörurnar. Verslunin á netinu styðji við verslunarreksturinn og öfugt. „Af viðskiptavinum okkar á Íslandi sem versla á netinu eru um 70 prósent að sækja vörurnar í verslun. Þetta sýnir hversu miklu máli það getur skipt að velja góða staði fyrir verslanir samhliða góðri þjónustu á netinu. Jafnframt að vörumerkið sé eins í huga viðskiptavinar hvort sem er í gegnum netverslun eða verslanir. Almennt á erlendum mörkuðum kýs vel yfir helmingur viðskiptavina að sækja vörurnar sem eru keyptar á netinu í verslanir, sem er hærra hlutfall en margir halda.“



„Við munum ekki bara horfa til þess að fá til liðs við okkur fólk með mikla þekkingu, hvort sem er í hluthafahópinum eða í ráðgjöf innan fyrirtækisins, þegar við förum á fullt með vörurnar okkar á erlenda markaði.“

## Næstu fimm ár verða ár landvinninga

Tinna segir Índí&Ígló standa á tímamótum. Spennandi tímar séu fram undan þar sem fimm ára „fæðingartíma“ fyrirtækisins sé lokið og hratt vaxtarskeið sé að ganga í garð.

*Er fatalína ykkar fullkomlega tilbúin fyrir erlendan markað?*

„Já, vörumerkið er tilbúið og grunnfatalínan. Við erum í dag með um 130 „styles“ í hverri fatalínu og vitum við nákvæmlega hvaða vörur eru „repeat styles“, hvaða vörur seljast á fullri framlegð o.s.frv. Hins vegar munum við stækka vörulínuna okkar þegar við förum á stærra markaðs-svæði. Til dæmis ættu um 40 prósent af veltunni að koma frá útifötum en við erum ekki með þau í dag. Við munum bæta þeim við þegar við förum inn á erlenda markaði, þannig að það sé heild í okkar vörulínu þegar hún fer í mikla dreifingu. Öll þessi atriði eru mjög mikilvæg þegar kemur að markaðssetningu.“

Ekki er á vísan að róa með árangur á erlendum mörkuðum, hvað þetta snertir. Mikil samkeppni sé á barnafatamarkaði og nauðsynlegt að halda vel á spöðunum ef vel eigi að ganga. Tinna segir smásölugeirann vera krefjandi þegar kemur að framleiðslu og birgðastjórnun. Þessir tveir þættir skipti sköpum þegar komi að framlegð, sem síðan byggir undir aðra hluta starfseminnar, svo sem sölu og markaðsstarf. Þess vegna sé mikilvægt að ná góðum tengslum á rétta markaði. „Við munum ekki bara horfa til þess að fá til liðs við okkur fólk með mikla þekkingu, hvort sem er í hluthafahópinum eða í ráðgjöf innan fyrirtækisins, þegar við förum á fullt með vörurnar okkar á erlenda markaði. Við munum fara inn á erlendan markað í samstarfi við reynslumikið fólk bæði innan smásöluverslunar, framleiðslustýringar og markaðssetningar og er sá hópur fullmótaður og tilbúinn í verkefnið með okkur. Við erum gríðarlega stolt af því að hafa fengið svona góðan hóp með okkur.“

*Hvenær verður fyrirtækið tilbúið til þess að stíga skrefið, ef svo má segja?*

„Um áramótin,“ segir Tinna og leggur áherslu á að ítarleg áætlun um hvað gera skuli á næstu mánuðum liggja fyrir.

Lokamarkmiðin eru háleit þegar horft er til næstu fimm ára. Í meginatriðum eru þau tvö að sögn Tinnu. Það er að Ígló&Índí verði eitt af leiðandi barnafatamerkjum á Norður-löndum og Norður-Evrópu, og að í höfuðstöðvum Ígló&Índí verði alþjóðleg og fagleg þekking á hönnun, framleiðslu-stjórnun, rafrænni markaðssetningu og heildarstýringu á alþjóðlegu smásölufyrirtæki.

Tinna segir þetta vel raunhæft en vitanlega þurfi margt að ganga upp. Það sem mestu skipti sé að undirbúningur-inn hafi verið góður hingað til, varan fái framúrskarandi viðbrögð og sé tilbúin fyrir vaxtarskeið og að allur heildar-pakkinn sé skilgreindur og tilbúinn, frá hönnun yfir í endan-lega sölu.

**NOKIA LUMIA 1020**  
**41 MEGAPIXLAR**  
**CARL ZEISS LINSA**

**NOKIA**  
Windows Phone

**LANGBESTA**  
**MYNDAVÉLIN**  
**Í SNJALLSÍMUM**







# Að slá í gegn á netinu

Litið við á ráðstefnunni You are in control

KAROLINA FUND



Deildu með umheiminum

# Á

You are in control spá erlendar og íslenskir spekulantar og trendsetterar í þau tækifæri sem hinn stafræni heimur býður skapandi greinum. Hvernig hin stafræna veröld „ný og góð“ hefur áhrif á allt frá bókmenntum til matarmenningar er umræðuefni fyrirlestra og málstofa. Þessa á milli skiptast draktir og jakkaföt á nafnspjöldum við týpugleraugu og skógarhöggsskyrtur listamanna og netnörða.

Við gripum niður í eina af málstofum ráðstefnunnar í ár, sem haldin var í Bíó Paradís dagana 28. til 30. október. Umræðuefni hennar var „Geta allir orðið stjarna?“ þar sem farið var yfir hvernig hægt væri að koma tónlist sinni á framfæri á netinu og hvernig ætti að fjármagna sig sem listamaður í heimi skráaskiptaforrita, hvort sem er með hóp-fjármögnun eða tónleikahaldi.



## Youtube stærsti ljósvakamiðill í heimi

Áður fyrr þurftu tónlistarmenn sem vildu slá í gegn að vinna að því að komast í útvarp, sjónvarp og blóð til að fá athygli en hvernig virkar þetta í netvæddum heimi? 100 klukkustundum af nýju efni er hlaðið inn á Youtube á hverri einustu mínútu og augljóst er að ekki allt verður vinsælt.

„Þetta snýst ekki um hversu mikið af efni er sett þangað inn, heldur hverjir hafa áhrif á smekk, hvert fólk er sem velur og hafnar,“ sagði Seth Jackson hjá Strange Thoughts-kynningarstofunni í Bretlandi. „Í byrjun var mikill vöxtur og hávaði en nú eru að verða til mjög skýrar rásir og ákveðið fólk velur, hafnar og miðlar áfram, alveg eins og það er í sjónvarpinu.“


Þátttakendur málstofunnar voru sammála um að leiðin til árangurs væri að senda frá sér gott efni, en einnig að hafa góð tengsl. Fjölmíðlar fjalli gjarnan um fólk sem slái í gegn á netinu líkt og það hafi ekki gert annað en að hlaða upp einu vídeói, en yfirleitt búi mun meira að baki slíkum árangri. Það geti í sumum tilfellum verið tengsl við áhrifaríka aðila, en oftar en ekki búi mörg ár af blóði, svita og tárur að baki stjörnum sem virðist skjótast á sjónarsviðið út úr engu.



## Krakkar sem kunna á kerfið

„Krakkarnir sem ná bestum árangri í þessu skilja allir eðli Youtube sem leitarvélar,“ segir Oliver Lockett hjá the-Audience. Þau hafi öll gert ábreiður (e. covers). Listamenn líkt og Justin Bieber og flestir af Youtube-kynslóð tónlistarmanna hafi náð athygli þegar fólk hafi leitað að þekktu lagi og rambað svo inn á þeirra útgáfu. „Þessir krakkar skilja kerfið og vinna í því að koma sér hærra í leitarniðurstöðum. Þetta er ekki „hreint“ – en það gefur þeim forskot.“

Samkvæmt Oliver á fólkíð sem liggur um of á sjálfu sér á hættu að hverfa út á jaðarinn. „Maður verður að vera stöðugt að gefa út efni, vera stöðugt að minna á sig.“ Þessu var Seth Jackson sammála en spurði þó hvort hluti listsköpunarinnar væri gerður minni með því að krefjast þess af listamönnum að þeir væru stöðugt að búa til efni fyrir samfélagsmiðla.



Seth Jackson, Ingi Rafn Sigurðsson og Oliver Lockett

## Hópfjármögnun skilar sér sem markaðssetning

Julia Payne, sem vinnur hjá The Hub í Bretlandi, tekur undir þetta. Julia sérhæfir sig í þjónustu við raftónlist, djass og heimstónlist. „Allt tekur þetta mjög mikinn tíma, hvort sem það er að miðla efni á Youtube eða hleypa af stað herferð í hópfjármögnun. Þegar ég fór fyrst út í hópfjármögnun fannst mér sem fjáröflunaraðila strax eitthvað bogið við þetta, því allir vita að það er auðveldara að sækja 500 pund frá einum aðila en eitt pund frá 500 aðilum.“





„Ég kannast við þetta,“ sagði Ingi Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri hóp fjármögnunarvefsins Karolina Fund. „En það er mikilvægt að eftir hóp fjármögnunarherferðina hafir þú tengsl við allt fólkið sem studdi þig, og þetta er fólkið sem skiptir þig mestu máli.“

„Hóp fjármögnun er markaðsherferðin þín“ samsinnir Oliver. „Við þá listamenn sem hafa verið tregir við hóp fjármögnun og jafnvel sagt hana fyrir neðan virðingu sína hef ég sagt: Ef áhangerdur þarna úti eru til í að leggja út peninga til þess að láta þig búa til eitthvað nýtt, þá hefur þú alvöru áhangerdur. Það er mikil upphefð í því og frábært að þú getir búið til sjálfbært viðskiptalíkan fyrir þig sem listamann.“

### **Eiga tónlistarmenn að selja tónlist?**

Í umræðum um plötuútgjendur tók enginn þátttakenda upp hanskann fyrir hlutverk þeirra í framtíð tónlistargeirans í heimi skráaskipta á höfundarréttarvörðu efni. Framtíð atvinnugreinarinnar er að mati Olivers lifandi tónleikar og það sem hann kallar „stafrænar framlengingar“ á samfélagsmiðlum til þess að ná athygli. Hann nefndi einnig dæmi þar sem ókeypis dreifing á tónlist er nýtt til að selja annan varning, svo sem boli.

Julia Payne



„Ég veit ekki hvort við ráðum nokkru um það en viljum við lifa í heimi þar sem hljómsveitir þrífast á því að selja skó, föt, sápur og gos, eða hvað það nú er?“ spurði þá Seth.

„Þessari spurningu tengist hagfræðilegt vandamál,“ sagði Ingi. „Ef kostnaðurinn við að búa til eitthvað eins og nýjan kaffibolla er núll ætti kostnaðurinn við vöruna að vera núll samkvæmt hagfræðinni, og tónlistargeirinn stendur frammi fyrir þessari staðreynd eða kenningu“.

„Að selja hljóðritaða tónlist eru ekki viðskipti sem listamenn geta lifað af lengur,“ bætir Oliver við.

### **Er meginstraumurinn að nálgast bílskúrsböndin?**

„Listamennirnir sem ég vinn með eru ekki hluti af meginstraumi popps og rokks,“ segir Julia, „í mörg ár hefur mér fundist meginstraumurinn vera að nálgast þær aðferðir sem við höfum verið að nota, sem snúast ekki um plötu-útgefendur. Fæstir af umbjóðendum okkar eru tengdir þeim. Þeir fjármagna sig með því að selja varning á borðum á tónleikum, hvort sem það er bolur eða geisladiskur. Ég held að fólk vilji enn kaupa eitthvað á tónleikum; á næstum hvaða tónleika sem ég fer á í dag er fólk að kaupa sér sjö tommu vínylplötur.“

### **Ert þú við stjórni?**

Með nýrri tækni getur hrikt í gömlum valdastöðum og jafnframt skapast tækifæri fyrir þá sem eru fljótir að aðlagast. Sameppnin um hugi og hjörtu aðdáenda virðist síst verða einfaldari og það að skilja ný viðmið og fóta sig í breytilegum heimi getur virst full vinna. Enn eigum við eftir að sjá hvort netið bjóði upp á það frelsi og lýðræði sem bjartsýnismenn hafa spáð – þar sem allir eiga möguleika á að koma sinni rödd að – eða hvort nýir lyklapétrar taki sér stöðu milli upprennandi listamanna og heimsfrægðar, og stýri frelsinu sér í hag. You are in control, og sá fjöldi fyrirlestra og málstofa sem þar fer fram árlega, er prýðilegur innblástur fyrir slíkar vangaveltur.



# ALL THE LAUGHS HALF THE CALORIES



## THE STARVING GAMES



SPILA SÝNISHORN





# Nú er til Fast Slow Food

**MATUR**

Svavar Halldórsson



Deildu með umheiminum

**S**low Food er alþjóðleg hreyfing sem varð til um miðjan níunda áratuginn. Hún er rakin til Ítalans Carlos Petrini. Slow Food-hreyfingin snýst um að skapa mótvægi við skyndibita (e. fast food) og alþjóðlegar matarkeðjur með því að nýta hollan og góðan mat úr nágrenni í stað þess að sækja hann um langan veg. Hreyfingin vinnur að varðveislu staðbundinnar matarmenningar og hvetur til landbúnaðar og ræktunar til notkunar á heimaslóðum. Meira en hundrað þúsund manns eru formlegir meðlimir í Slow Food-hreyfingunni víða um lönd, en áhrifin ná langt út fyrir raðir félagsmanna og eru til að mynda greinileg í því sem kallað er Nýja norræna eldhúsið (Ny Nordisk Mad).



Smelltu til að heimsækja Taste of National Tourist Routes



Smelltu til að heimsækja vefsíðu veitingastaðarins Mana í Hong Kong



Smelltu til að heimsækja vefsíðu Hamborgarabókarinnar

## Hvað er þá Fast Slow Food?

Fast Slow Food er nýtt hugtak í matarmenningu. Það snýst um að taka grunnhugmyndina að Slow Food og færa hana yfir á skyndibitann sem hún snerist upphaflega gegn. Hollur og hreinn matur úr héraði er þannig nýttur til að framleiða skyndibitann í sátt við náttúru og nærsamfélag. Þar er til dæmis um að ræða hamborgara úr úrvals nautakjöti sem ræktað er á svæðinu. Dæmi um slíkan mat má finna í Íslensku hamborgarabókinni sem kom út í vor. Veitingastaðurinn Nana í Hong Kong hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir lífræna og heilnæma nálgun á mat sem framreiddur er hratt, eða Fast Slow Food. Bandaríkjamenn eru líka að vakna til meðvitundar, meðal annarra sjónvarpskokkurinn Bob Warden. Þessi nálgun nýtur sömuleiðis vaxandi vinsælda í Noregi en segja má að þarlendir, og reyndar frændur okkar í Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, séu leiðandi í Fast Slow Food í veröldinni.



# Það andar köldum vetri en mildum

TÍSKA

Kristín Pétursdóttir



Smelltu til að skoða kynningar-myndband Rag & Bone

# A

llir haustsins litir, form og fegurð fylla vitin. Það andar köldum vetri en mildum og það ber að klæða sig eftir veðri. Haust- og vetrartískan fyrir dömur ber keim af þessu. Vindur og væta í hári. Krullað, skipt til hliðar eða í miðju.

Sleikt aftur, slétt, úfið, lágt eða hátt tagl. Fléttur, fjölbreytni og pönk. Frjálstlegt hár og þykkar augabrúnir, mött húð og stundum fól. Máð gleði gærkvöldsins undir augum og nývöknuð náttúruleg fegurð. Roði í kinnum þeirra sem kæra sig um. Er kvöldar vottar fyrir fjólubláum eða rauðum gljóa í augnumgjörð, svartri áherslu eða ýktum augnlínunum í anda

sjöunda áratugarins. Varirnar eru oftast en ekki litlausar en tómatrauður kyssir einstaka varir og þekur neglur. Almennt mildur augnsvipur, bros og þokki birtir upp skammdegið.

Í myndbandi sem fylgir auglýsingaherferð Rag & Bone, haust/vetur 2013, kemst hin hversdagslega fegurð einstaklega vel til skila. Það er franska leikkonan Léa Seydoux (La vie d'Adele) sem prýðir það með látlausri og einlægrri fegurð ásamt einstökum sjarma.

Mikilvægt er að líða vel í því sem maður klæðist. Það er því tilvalið að sækja sér innblástur í það sem sést á tískusýningum, í auglýsingaherferðum og kvikmyndum og það sem ber fyrir augu í nánasta umhverfi hverju sinni. Laga það svo að eigin stíl og smekk svo vellíðun fylgi. Útrás fyrir sköpunargleði og út-sjónarsemi skilar sér í áhugaverðum samsetningum og útliti. Fjölbreytni gerir allt svo miklu líflegra og skemmtilegra.

## SONIA RYKIEL



Deildu með umheiminum

Aðeins í iPad!

EINU SINNI VAR...

# Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans

**M**

egas heit tónleika í Menntaskólanum við Hamrahlíð sunnudaginn 5. nóvember 1978. Voru þeir kallaðir Drög að sjálfsmorði og hljóðritaðir. Tvöföld breiðskífa með upp-tökunum var gefin út ári síðar, með sama nafni.

Tónleikarnir eru frægir enda voru þeir síðustu tónleikar Megasar um nokkurt skeið. Ekkert var gefið út eftir hann þar til í góðri trú kom út árið 1986. Megas hafði í millitíðinni bætt ráð sitt eftir að hafa verið í nokkurri vímuefnaneyslu.

Bæði Þjóðviljinn og Morgunblaðið fjölluðu um tónleika Megasar í MH morguninn fyrir tónleikana. „Undanfarnar





# Á slóðum Kennedy

## PISTILL

Auður Jónsdóttir



**I** dag fæðist barn.

Mér varð hugsað til barna sem fæðast í dag inn í heim svartstýni þegar ég rakst á klausu í fjölmiðli þess efnis að ástandið á Landspítalanum væri svo slæmt að það þyrfti að leita fjörutíu ár aftur í tímann til að finna annað eins. Ég man ekki hver sagði þetta í hvaða miðli, man bara að ég las þetta og lyfti brúnum. Ástæðan: Ég fæddist fyrir fjörutíu árum, árið 1973. Þá var tilveran fleyti-full af framtíð og möguleikum, ólíkt því sem gerist nú – eða hvað?

### Máttur almennings

Í fljótu bragði finnst mér eins og ég hafi fæðst inn í heim þar sem allt var í stakasta lagi og fólk trúði að hlutirnir ættu bara eftir að verða betri. Landspítalinn átti eftir að eflast jafnt og þétt, fram að árpúsundaskiptunum eða svo; kannski var hann byrjaður að dala aftur einhverjum misserum fyrir þann tíma, ég veit það ekki nákvæmlega. En ég man að fólk var bjartsýnt þegar ég var að komast til vits og ára. Fólk trúði á framtíðina, þrátt fyrir allsherjarverkfall og almenn blankeið. Og kannski einmitt vegna þeirra, það trúði á verkalyðsbaráttu og samstöðu: mátt almennings.

### Rómantískur bjarmi

Kannski sé ég æskuár mín í pastelbleikum rómantískum bjarma, svipuðum og á gömlu sólarlagspóstkorti frá Costa del Sol. Það getur verið. Foreldrum mínum fannst ábyggilega ekki jafn gaman í allsherjarverkfallinu og mér. Ég fékk frí í skólanum en pabbi brunaði staubblankur austur á Fagurhóls-mýri eftir síðasta fánlega sigarettupakkanum á landinu. Sólín skein á hverjum degi, finnst mér í endurminningunni – þangað til ég spjalla við gamlan æskuvin sem trúir mér fyrir því að hann hafi ekki getað sofnað á kvöldin af hræðslu við að vakna við risastóran kjarnorkusprengrusvepp. Sjálf var ég of upptekin af stríðinu milli Wham-aðdáenda og Duran-Duran-aðdáenda til að veita Kalda stríðinu minnstu athygli.

Í augum æskuvinar míns var framtíðin svo ótrygg að hann þakkaði fyrir hvern dag með því að belgja sig út af franskbrauði og kakómjólk í bakaríinu. Prísaði sig sælan að ná að torga þessu fyrir endalok heimsins.

Heimsendir beið handan við hornið á bakaríinu í Mosfellsbæ.

### Eyðingarmáttur alnæmisins

Það átti ekki af honum vini mínum að ganga. Flestir sálufélagar hans í Kaldastríðsóttanum gleymdu kjarnorkusveppnum við kynþroskann en þá tók við ný vá. Nefnilega alnæmi, sem þá hét eyðni.

Hann vinur minn er samkynhneigður. Eitt var að koma út úr skápnunum í Mosfellsbæ á þessum tíma, annað að heyra hryllingssögur af hinum skæða sjúkdómi sem af tröllasögnum að dæma virtist stráfella fólk við minnstu snertingu og vera á góðri leið með að útrýma mannkyninu.

Mér varð hugsað til alnæmisóttans í vikunni þegar ég rakst á frétt þess efnis að vegna lyfjaþróunar væri óhætt að sofa hjá HIV-jákvæðu fólki án þess að nota verjur svo lengi sem það tæki lyfin reglulega. Ég vildi að ég hefði getað sagt honum vini mínum að hann ætti eftir að lesa þessa frétt í blaði – og það löngu eftir að fólk skildist að sjúkdómurinn herjaði ekki bara á samkynhneigða – þegar við korrumur saman í lífsangistinni með breska poppmelankólíuna í eyrunum og ég var gjörsamlega sljó fyrir finlegri kenndum hans. Gott ef ég sýndi honum ekki þess tíma alnæmis-skopmynd af manni og simpansa að reykja eftir-sex-sigarettu, fallega fullnægðum á svipinn.

### Endalaus heimsendir

Heimsendir vofir yfir okkur á hverjum degi, alltaf, alls staðar. Einu sinni var það mannfjölgunarvandinn, svo gleymdist hann. Vísindamenn tala nú um nauðsyn þess að verjast loftsteinum sem geti eytt öllu lífi á jörðinni en maður má varla vera að því að hlusta á þá af ótta við allar svörtu spárnar um heimsendi út af loftslagsbreytingum um það leyti sem yngstu börnin okkar fara að huga að ellilífeyrinum.

Og hvað með hryðjuverk og fuglaflensu? Eru allir hættir að tala um það?

Ababbb abbbbabba ba!

Hér blanda ég saman eplum og appelsínum: dráps-mönnum og drápsveirum. Pólitík og raunvísindi eru ólíkir hlutir. Pólitíkin er huglæg og sprettur úr mannlegri sambúð, í besta falli flokkast fræðin tengd henni undir hugvísindi. Raunvísindi lúta óhjálpslega sínum innri lögmálum.

Á sama tíma haldast hugvísindi og raunvísindi í hendur. Megnug þess að eyða heiminum. Megnug þess, vonandi, að halda honum lífvænlegum.

Svo ég vitni í rúmlega fimmtíu ára gamla setningarræðu Johns F. Kennedy hefur mannkynið það á valdi sínu að geta bæði eytt fátækt og eytt heiminum. Nú sem þá.

### Við Kennedy

Um þessar mundir bý ég rétt hjá ráðhúsi Schöneberg-hverfis í Berlín. Ég átti erindi þangað nýlega með tveggja ára son minn og rak mig á að það er ekki svo auðvelt að komast upp tröppurnar með barnakerru. En ofan á þessar sömu tröppur var á sínum tíma smíðaður pallur undir Kennedy. Tíu árum áður en ég fæddist, árið 1963, stóð hann hér og stappaði stálinu í Vestur-Berlínarbúa, nánar tiltekið þegar Vestur-Berlín var eyja í miðju Austur-Þýskalandi. Þá sagði hann, eins og frægt varð, sínum dáleiddandi rómi: Ég er Berlínarbúi.

Um tíma höfðu vistir einungis borist með flugi til borgarinnar, í einni af fyrstu alvöru krísunum Kalda stríðsins. Ástandið var töluvert frábrugðið því sem ég á að venjast, rápandi með barnakerruna á milli aragrúa alþjóðlegra veitingastaða og lífrænna delikatessen-verslana.

Kennedy var Berlínarbúi í heimi ógnar en þó dásamlega einföldum heimi. Skýrt afmörkuðum af múr sem umkringdi vesturhluta borgarinnar.

Fólk var hrætt við hættulega en þó einfalda hluti: kommúnisma og váina að heimurinn myndi farast í kjarnorkustyrjöld.

### Varúð: Upplýsingaflóð

Kennedy er minnst fyrir ræðusnilld. Hann kunni að blása fólki byr í brjóst og vara það við því að láta óttann stjórna sér, þó að það kæmi honum ekki alltaf til góða. Í Bandaríkjunum flyktist fólk út á götur til að mótmæla Víetnamstríðinu. Kannski var það í og með að hafna vanmættinum. Hafna því að sitja aðgerðarlaust heima. Hafna óttanum.

En óttinn er þrásætinn. Það er alltaf nægur ótti, hvert á land sem farið er. Óttinn við Kalda stríðið varð að ótta við alnæmi, hryðjuverk, trúarbrögð. Svona má endalaus upp telja. Einn allsherjar lamandi ótti herjar á mannkynið.

Óttinn breytir auðveldlega í andúð. Andúð á öðru fólki. Fólki með slæðu. Fólki með pönkarakamb. Fólki í bikiníu. Fólki með hatt. Fólki í leðurbuxum. Fólki frá öðrum löndum. Fólki með öðruvísi stjórnmalaskoðanir. Fólki sem á hund. Fólki sem þolir ekki hunda. Fólki á kaffihúsi. Fólki í fjárhúsi.

Á hverjum degi gleypum við í okkur upplýsingar um nýja hluti til að óttast. Það er varla þverfótandi fyrir hættum og því sjáum við ekki skóginn fyrir trjánunum.

Geispum þegar raunvísindamenn hrópa að heimurinn sé á heljarþröm út af loftslagsbreytingum. Löngu búin að gleyma sögunni sem gömul amma las fyrir barnabarn um strákinn sem kallaði úlfur á mami.

Það er búið að kalla svo ákafur og hátt, svo oft, að við hunsum þörfina á bráðum aðgerðum. Þetta eru gamlar fréttir. Við erum hræddari við þessar nýju, hvað var það nýjasta? Risageitungar?

### Trú á eigin mátt

Erum við virkilega svo dofin af ótta að við berjumst fyrst og fremst gegn því að eiga úreltan snjallsíma á milli þess sem við póstum fréttum af risageitungum?

Við erum fiklar í innihaldslausu afþreyingu, þá tegundina af nútímameningun sem heilabær manneskjur með trú á auðræði og ábyrgðarlausa neyslu; það er að segja úr sér gegna hugmenningu leggi honum lið á ábyrgan hátt. Eina leiðin til þess er að hver og einn öðlist trú á eigin mátt. Trúna á að maður sjálfur geti skipt sköpum.

Að hver manneskja skipti máli.

Það er búið að hræða okkur svo mikið að við erum hætt að trúna eigin skynjun. Leggjumst undir feld með fartölvu eða bíómynd af ótta við loftstein á sama tíma og við getum svo sannarlega gert ýmislegt til að stuðla að lífvænlegri og um leið réttlátari heimi, þó ekki væri nema með daglegum venjum.

### Frjálshyggjuvinur minn

Ég á annan vin. Sá er íhaldssamur frjálshyggjumaður. Hann sagði mér einu sinni að mannkynið væri þannig gert að það bjargaði sér alltaf fyrir horn. Það uppgötvaði alltaf réttu lausnina skömmu fyrir heimsendi, svipað og í Bruce Willis-pennumynd.

Þá trúði ég honum og hætti að hafa áhyggjur. Rámaði í mynd þar sem Bruce Willis eyðir einmitt loftsteini á hraðri leið til jarðar. En núna er ég áhyggjufull sem aldrei fyrr. Ég held nefnilega að það sé búið að taka trúna frá almenningi heimsins. Almennigur þarf að öðlast trú til að vera einhvers megnugur. Trú á morgundaginn. Öðruvísi nennir enginn á fætur.

### Heimsendakynslóðin

Aldrei hefur mannkynið verið í jafn mikilli hættu og nú, segja sumir. Aðrir huga að nærtækari vandamálum og segja að Landspítalinn hafi ekki staðið jafn höllum fæti í fjörutíu ár.

Það er hægt að redda Landspítalanum. Líka heiminum. Ef við hefjumst handa strax. Ég leyfi mér að trúna því að það sé hægt að redda svo mörgu.

Þrátt fyrir allt á ég það sameiginlegt með frjálshyggjuvini mínum að trúna á mannkynið, þó að okkur greini á í helstu þungavigtarmálum sem og aðferðafræðinni.

Ég öðlast þessa trú reyndar hjá ljósmæðrunum á fæðingaræildinni, og síðar á vökudeild Landspítalans, þegar sonur minn fæddist. Þá horfði ég á úrvinda starfsfólk gefa úr sér hjartað í bland við aðáunarverða fagkunnáttu. Þessi trú styrktist við að kynnast fólkinu í ungbarnaeftirlitinu á heilsugæslustöðinni, útkeyrðum læknum á barnspítalanum og síðar fósturunum í leikskólunum hans. Svipaða sögu hef ég heyrt af mörgum kennaranum á hinum ýmsu skólastigum.

### Í lið með lífinu

Allt þetta fólk fær mig til að hugsa til Kennedy þegar hann sagði: Spurðu ekki hvað þjóðin getur gert fyrir þig heldur hvað þú getur gert fyrir þjóðina.

Fólkið sem hlúir að þjálfingum heimþegnunum hugsar margt hvert ekki hvað heimurinn geti gert fyrir það heldur hvað það geti gert fyrir heiminn. Það trúir á lífið, í allri sinni mynd.

Þannig þurfum við öll að hugsa, í anda samstöðu, samfélagssáttar og trúarinnar á framtíð heimsins. Þetta er sárafélfalt val: viljum við eyða heiminum eða eyða fátækt? Svárið veltur á hugarfari og gildismati. Fyrsta skrefið í átt að nýju, mannvænlegra gildismati fyrir íslensku þjóðina sem slíka er að fá útgerðarkóngu, auðkýfinga og þá hátt settu í þjóðfélaginu í lið með lífinu og greiða þessum hvunn dags-hetjum mannsæmandi laun – til að stuðla að betri heimi. Því í dag fæðist barn.



Deildu með umheiminum





# Allir leggi sitt af mörkum

## ÁLIT

Katrín Jakobsdóttir  
Formaður Vinstri-  
hreyfingarinnar – græns  
framboðs



**A**lþjóðlegar félagasamstæður sem hafa starfsemi á Íslandi geta komist hjá eðlilegum skattgreiðslum hér á landi með svokallaðri þunnri eiginfjármögnun sem minni fyrirtæki eiga ekki kost á. Þessi háttsemi skekkir því bæði samkeppnisstöðu fyrirtækja og rýrir skattstofna ríkisins. Til þess að bregðast við þessu hefur undirrituð lagt fram lagafrumvarp á Alþingi.

Með hugtakinu þunnri eiginfjármögnun er vísað til þess þegar hlutfall af heildarfjármögnun félags er lán frá tengdum aðilum. Ef fjármögnun dótturfélaga kemur frá móðurfélagi sem staðsett er erlendis og í ríki sem ber lægra skatthlutfall en hér á landi getur myndast hvati til fjármögnunar með lánum fremur en hlutfé þar sem vaxtagreiðslur vegna lána eru frádráttarbærar frá tekjuskattsstofni en arðgreiðslur eru það ekki. Vilji móðurfélagið þannig geta tekið sem mestan hluta hagnaðar dótturfélags til sín er núna hagkvæmara að móðurfélagið láni dótturfélaginu háar fjárhæðir sem síðan eru greiddar til baka með háum vöxtum sem fela í raun í sér greiðslu á hagnaði dótturfélagsins, sem alla jafna væri greiddur út sem arður til eigenda félagsins, til móðurfélagsins í formi vaxtagreiðslna.

### Hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum

Íslenskir fjölmiðlar hafa fjallað töluvert um áhrif þunnrar eiginfjármögnunar á skatttekjur íslenska ríkisins. Í mars á þessu ári vakti til dæmis umfjöllun Kastljóss mikla athygli. Þar kom meðal annars fram að íslenska ríkið tapar milljörðum króna árlega vegna þess að alþjóðleg fyrirtæki sem starfa hér á landi koma sér að mestu hjá því að greiða tekjuskatt hér á landi með aðstoð systurfyrirtækja sinna á lágskattasvæðum.

Setning reglna um þunna eiginfjármögnun hefur víða verið til umræðu á Vesturlöndum að undanförunu. Víða í Evrópu eru einhvers konar reglur í gildi og annars staðar hefur verið rætt um að setja slíkar reglur, eins og í Bretlandi. Það er því ekki óeðlilegt að þetta verði skoðað hér á landi.

### Frumvarp um þunna eiginfjármögnun

Eins og áður sagði hefur Alþingi nú til meðferðar frumvarp um þunna eiginfjármögnun sem undirrituð mælti fyrir í október. Verði þetta frumvarp að lögum gætu skatttekjur ríkisins af alþjóðlegum fyrirtækjum aukist umtalsvert í framtíðinni. Með frumvarpinu er lagt til að settar verði reglur um þunna eiginfjármögnun alþjóðlegra fyrirtækja sem starfa hér á landi og því verði þannig hamlað að þau geti flutt skattskyldan hagnað úr landi í formi vaxtagreiðslna til móðurfyrirtækis. Markmið frumvarpsins er þannig að tryggja að þær tekjur sem verða til hér á landi renni til samfélagsins og uppbyggingar þess.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að tekið verði upp áþekkt fyrirkomulag og tíðkast hefur í Þýskalandi. Það byggist einkum á skýrslu starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðherra um reglur þunnrar eiginfjármögnunar frá júní 2012 auk ábendinga og tillagna frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

Reglunum er aðallega ætlað að taka til stórra alþjóðlegra félagasamstæðna og þó svo að fáar slíkar séu starfandi hér á landi eru þær sem þó eru starfandi gríðarlega stórar og starfsemi þeirra hér á landi veltir miklum fjármunum og skilar töluverðum hagnaði. Er því um verulegt hagsmunamál að ræða fyrir íslenska ríkið en reikna má með að þegar kemur að því að skoða endurnýjun fjárfestingasamninga við alþjóðleg stórfyrirtæki hér á landi gefist færi á breytingum í ljósi þess að lögum og reglum hafi verið breytt. Einnig hefur lögfesting reglna um þunna eiginfjármögnun fyrirbyggjandi áhrif í því skyni að koma í veg fyrir hugsanleg skattaundanskot í framtíðinni.

### Tekjugrunnur ríkisins þegar veikt

Á skömmum valdaferli núverandi ríkisstjórnar hefur tekjugrunnur ríkisins þegar veikt talsvert enda hefur meirihluti Alþingis fylgt ríkisstjórninni á þeirri vegferð að lækka sérstakt veiðigjald, falla frá hækkun á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu og boða að frekari skattar á borð við auðlegðarskatt og orkuskatt falli niður frá og með árinu 2015. Það ætti hins vegar að vera sameiginlegt áhugamál þingmanna að koma í veg fyrir það að stór erlend fyrirtæki komist upp með að greiða litla tekjuskatta af starfsemi sinni á Íslandi með því að flytja skattskyldan hagnað úr landi í formi vaxtagreiðslna til móðurfyrirtækis. Eins og kunnugt er ættu nefndir Alþingis að hafa nægan tíma um þessar mundir til að sinna frumvörpum frá þingmönnum í ljósi þess að fá frumvörp berast frá sitjandi ríkisstjórn. Þingmenn hafa því fullt svigrúm til að ljúka þessu máli og sýna hvort áhugi er á því að breyta þessu til batnaðar í raun og veru.

„Íslenska ríkið tapar milljörðum króna árlega vegna þess að alþjóðleg fyrirtæki sem starfa hér á landi koma sér að mestu hjá því að greiða tekjuskatt hér á landi með aðstoð systurfyrirtækja sinna á lágskattasvæðum.“



Deildu með umheiminum








# Í hversdagsleika mismununar

## ÁLIT

Freyja Haraldsdóttir  
Þingmaður Bjartrar  
framtíðar



Þegar ég skelli fram þeirri staðhæfingu að á Íslandi sé fötluðu fólki mismunað á hverjum degi sé ég oft efasemdasvipinn á fólki og ég skil hann að mörgu leyti. Mismununin er að sumu leyti ekki áberandi og á sér stað í vernduðum úrræðum, á lokuðum fundum, með illu augnaráði eða ærandi þögn sem sviptir fatlað fólk réttindum sínum. Við höfum jafnframt önnur viðmið um hvað er viðunandi fyrir fatlað fólk en ófatlað fólk, og hvort sem við viljum viðurkenna það eða ekki lifum við og hrærumst í samfélagi sem telur það í lagi að útiloka, aðgreina, frelsissvipta og beita fatlað fólk ofbeldi. Mismununin er því á ákveðinn hátt ósýnileg og á annan hátt eðlileg. Ekki bara fyrir ófatlað fólk, heldur líka fyrir okkur sem erum fötluð, sem erum orðin svo vön mismunun og þeim skaða og sársauka sem af henni hlýst. Þar að auki viljum við mögulega ekki segja frá þessari líðan af ótta við að vera endanlega stimpluð inn í samfélagið sem aumingjar og fórnarlömb af því við erum með skerðingu – ekki manneskjur sem upplifa mismunun vegna fordóma í samfélaginu.

## Barnaskapur að berjast fyrir mannréttindum?

„Nefndu dæmi,“ segir fólk þegar ég held þessu fram og því miður er það ekkert mál. Sum þeirra eru augljós og lítið mál að benda á en önnur eru duldari og flóknara að setja fingurinn á. Augljósu dæmin í mínu lífi eru að komast ekki í kvikmyndahús því aðgengið er ekki viðeigandi fyrir hjólastóla, þurfa að skila læknisvottorði þar sem þarf að koma fram að ekki séu vísbendingar um fötlun þegar ég ætla að sækja um að gerast varanlegt fósturforeldri og þegar karlmaður gengur upp að mér á bílastæði fyrir utan matvöruverslun og káfar á mér blygðunarlaust þegar ég var ekki í aðstæðum til að komast burt á stundinni. Flóknu dæmin, sem erfitt er að benda á, eru þegar ég fer í bankann og ókunnug manneskja klappar mér á kinnina og segir „mikið er þetta sorglegt“. Þegar ég þori ekki svo árum skiptir að fara til kvensjúkdómalæknis í hefðbundnar erindagjörðir því ég er svo hrædd um að lækurinn tali við mig eins og barn og gangi út frá því að ég sé kynlaus. Einnig þegar ég mæti í útvarpsviðtal með maskara og varalit og þáttastjórnandinn segir á innsoginu „Jjiii, ertu bara máluð, og allt?“ eins og hún hafi aldrei séð málaða konu á ævinni. Þar að auki þegar ég sit á fundi í vinnunni með hinu opinbera og embættismaður segir með föðurlegri röddu í ráðuneyti „Freyja mín, þú verður að gera þér grein fyrir því að fatlað fólk mun aldrei fá alla þá þjónustu sem það þarf á að halda.“ Eins og að það sé eðlileg og sjálfsögð staðreynd og bara barnaskapur af mér að vera að berjast fyrir öðru.

## Að búast við og gera ráð fyrir mismunun

Þegar þessi augljósu dæmi eru nefnd vill fólkið sem bað um þau ekki endilega heyra þau og til þess að draga úr alvarleika þeirra og líða betur með sínar nýju upplýsingar bregst það við með því að benda á að fólk sem mismunar viti ekki betur, þetta hljóti að vera einstök tilvik og enginn annar hafi lent í þessu sama. Veruleikinn er hins vegar sá að þetta er daglegt brauð, ekki bara fyrir mig heldur fatlað fólk í kringum mig, ásamt því sem íslenskar rannsóknir gefa það skýrt til kynna að þessi mismunun á sér stað. Mismunun sem leiðir til daglegra mannréttindabrota sem verða hversdagsleg. Og það hættulega er að mörg okkar sem upplifum það á eigin skinni förum að haga okkur í samræmi við það og gera ráð fyrir því sem eðlilegum hluta af lífinu. Það geri ég til dæmis með því að hringja á undan mér allt sem ég fer til þess að tryggja að ég komist inn. Með því að tefja það stöðugt að verða foreldri af ótta við viðbrögð samborgara minna sem halda því margir fram að ég geti ekki myndað geðtengsl við börnin mín þar sem ég geti ekki haldið á þeim. Jafnframt með því að sleppa því í auknum mæli að fara niður í bæ eftir party því ég veit að ég verð að öllum líkindum fyrir áreitni eins og í öll hin skiptin. Ég geri það líka með því að passa að horfa ekki í augun á fólki í búðinni til þess að minnka líkurnar á því að verða fyrir niðurlægingu í formi vorkunnar, mála mig fyrir minnsta tilefni því flestir gera ráð fyrir því að ég hafi mig ekki til, ógna heilsu minni til þess að þurfa ekki hugsanlega, kannski, að hitta fordómafullan lækni og vera hrædd við að gera kröfur til embættis- og stjórnámalamanna því jafnrétti fatlaðs og ófatlaðs fólks sé bara draumórar og tímasóun.

## Umburðarlyndi gagnvart mismunun

Ekkert af þessu er í lagi, hvort sem það á sér stað einu sinni eða daglega, hvort sem fólk „veit betur“ eða ekki. Í almennum lögum og mannréttindasamningum kemur fram að allir eigi rétt á að hafa ferðafrelsi, lifa fjölskyldulífi, njóta heilbrigðisþjónustu og búa við friðhelgi og mannlega reisn. Hins vegar er mismunun gagnvart fötluðu fólki héraendis sem og víða erlendis svo hversdagsleg og sjálfsögð að Sameinuðu þjóðirnar fundu sig knúnar til þess að gefa út sáttmála árið 2006, sem verndar fatlað fólk sérstaklega og tryggir því mannréttindi. Almennir samningar duga ekki til. Ísland hefur undirritað sáttmálann en hvorki fullgilt hann né lögfest, sem þýðir að fatlað fólk getur illa nýtt sér hann til þess að vernda sig hér á landi. Sem er annað form af broti á mannréttindum í sjálfu sér. Það hljóta því allir að vera sammála um að það sé forgangsmál að fullgilda og lögfesta þann sáttmála. Það bjargar fötluðu fólki ekki frá þeirri undirokun sem það býr við en það er nauðsynlegt skref í þá átt að binda enda á umburðarlyndi gagnvart mismunun á grundvelli fötlunar og ýta undir að það verði hversdagslegt að vernda mannréttindi okkar en ekki brjóta þau.



Deildu með umheiminum





Ríkka varð ekki fyrir sýruárás en  
Laxmi 24 ára varð fyrir sýruárás  
því hún svaraði ekki sms-i.

Fiðrildafögnuður UN Women | Harpa | 14. nóvember | kl. 20

# LÍFIÐ GÆTI BREYST Á SEKÚNDUBROTI

Konur um allan heim verða fyrir sýruárásum á hverjum degi. Þessu verður að breyta! Tökum höndum saman og segjum stopp við ofbeldi gegn konum og mætum á Fiðrildafögnuð UN Women í Hörpu 14. nóvember.

Miðaverð 3.900 kr. Miðasala fer fram á [midi.is](http://midi.is)

STYRKARLÍNUR

902 5001 | 902 5003

1.000 kr.

3.000 kr.

 **UN  
WOMEN**  **ÍSLENSK  
LANDSNEFND**  
United Nations Entity for Gender Equality  
and the Empowerment of Women



# Segja dóminn ekki breyta neinu

HÆSTIRETTUR ÍSLAND



Deildu með  
umheiminum





## DÓMSMÁL

Magnús Halldórsson  
magnush@kjarninn.is

**L**andssamtök lífeyrissjóða segja að rétt hafi verið að semja við slitastjórn Landsbankans um uppgjör á afleiðusamningum um gjaldmiðla og vexti, þrátt fyrir dóm Hæstaréttar frá 17. október síðastliðnum. Eins og greint var frá í Kjarnanum í síðustu viku féll dómur í Hæstarétti í máli LBI hf., fallna Landsbankans, og Norvik hf. á þann veg að Norvik þurfti ekki að greiða LBI 2,4 milljarða króna vegna gjaldmiðla og vaxtasamninga sem félagið var með við LBI. Í dómnum kom fram að tilkynningu sem LBI sendi þeim sem voru með gjaldmiðla- og vaxtasamninga 16. október 2008, þar á meðal lífeyrissjóðum, hefði mátt skilja á þann veg að þeir lögaðilar sem hefðu verið með gjaldmiðla- og vaxtasamninga við LBI hefðu ekki þurft að greiða hinum fallna banka neitt, þar sem tilkynningin hefði verið þannig úr garði gerð að í henni hefði falist að afleiðusamningnum væri rift einhliða.

### Afdrifariík tilkynning

Í tilkynningunni frá LBI sagði orðrétt: „Í samræmi við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins dags. 13. október 2008 liggja réttindi og skyldur vegna afleiðusamninga áfram hjá Landsbanka Íslands hf. Að óbreyttu liggur fyrir að umræddum afleiðusamningum verður lokað. Í því felst m.a. að sjóðstreymis- og gengisvarnir á lána- og eignasöfnum viðskiptavina falla niður. Í kjölfarið munu afleiðustöður í hagnaði mynda kröfu viðskiptavinar á Landsbanka Íslands hf. en tapsstöður mynda kröfu Landsbanka Íslands hf. á viðskiptavini. Leitast verður við að samræma aðgerðir viðskiptabankanna til að tryggja að allir viðskiptavinir njóti sömu málsmeðferðar. Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á afleidur@landsbanki.is.“

Í dómi Hæstaréttar frá 17. október eru þessi orð í tilkynningunni gerð að umtalsefni sem grundvallaratriði í málinu og er sérstaklega tekið fram að þessi „tilkynning áfrýjanda 16. október 2008 [...] var einhliða yfirlýsing af hans hálfu og skuldbindandi fyrir hann. Fjölmargir viðskiptamenn hans sem gert höfðu afleiðusamninga fengu sömu tilkynningu [...]



„Umfang viðskipta lífeyrissjóða við banka er slíkt að stjórnendur þeirra og föllnu bankanna hlutu að ræða uppgjörsmál fljótt eftir fall bankanna og láta reyna á innheimtu eða samninga.“

Stefndi mátti líta svo á, að með tilkynningunni væri áfrýjandi einhliða að fella niður afleiðusamningana og lýsa því yfir að framvegis myndi hann hvorki efna samningana af sinni hálfu né ætlast til efnda af hálfu stefnda.“

### Miklir hagsmunir

Lífeyrissjóðir áttu mikilla hagsmuna að gæta þegar kom að gjaldmiðla- og vaxtasamningum við fallna Landsbankann. Samtals greiddu þeir bankann á annan tug milljarða króna, að teknu tilliti til skuldajöfnunar. Í tilkynningu frá Landssamtökum lífeyrissjóða, sem birt var á vef landsamtakanna, segir að fyrrnefndur dómur hafi ekki breytt því mati að skynsamlegast hafi verið að semja um uppgjör á samningunum eins og gert hafi verið. Í því uppgjöri var miðað við gengisvísitöluna 175.

Tilkynningin frá Landssamtökum lífeyrissjóða fer hér á eftir: *Dómurinn í máli Norvikur hf. er um samtvinnaða vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga sem gilda áttu 2-3 ár fram yfir hrún. Dómurinn byggir einkum á því að vanefndir bankans á greiðslum hans skv. vaxtaskiptahluta samninganna hafi gefið stefnda réttmæta ástæðu til að skilja tilkynningu sem hann og margir aðrir fengu frá bankanum þannig að samningarnir væru felldir niður. Aðgerðaleysi bankans hafi ýtt undir þann skilning. Rétturinn leggur áherslu á lengd samninganna í þessu sambandi.*

- Megnið af afleiðusamningum lífeyrissjóða við LBI var framvirkir skiptasamningar með gjaldeyri með nokkurra mánaða gildistíma. Flestir voru með gjalddaga á árinu 2008 en nokkrir á fyrstu mánuðum ársins 2009. Þessir samningar kölluðu ekki á sýnilegar efndir af hálfu bankans með sama hætti og samningar Norvikur. Dómurinn hefði því ekki verið fordæmisgefandi um þá samninga.
- Lífeyrissjóðirnir áttu sameiginlega í viðræðum við stjórnvöld og alla bankana um stöðu gjaldmiðlasamninganna strax í október 2008 og áfram eftir það. Umfang viðskipta lífeyrissjóða við banka er slíkt að stjórnendur þeirra og föllnu bankanna hlutu að ræða uppgjörsmál fljótt eftir fall bankanna og láta reyna á innheimtu eða samninga.



Smelltu til  
að lesa dóm  
Hæstaréttar

Lífeyrissjóðirnir áttu þess því aldrei kost að „njóta“ tómlætis af hálfu bankanna, líkt og byggt er á í máli Norvikur þannig að þeim væri gefið tilefni til að ætla að bankinn hefði fallið frá kröfum skv. samningunum.

- Forsenda dómsins er sú að mótaðili bankans hafi fengið umrædda tilkynningu. Hafi það ekki gerst kemur spurning um fordæmi dómsins ekki til álita. Einhverjir sjóðir munu hafa fengið tilkynninguna en aðrir ekki. Af framangreindum ástæðum hefðu þeir þó í engu tilviki getað byggt á sömu sjónarmiðum og gert var í umræddum dómi í máli Norvikur hf.
- Sjóðirnir fengu mörg lögfræðialit um skuldbindingargildi gjaldmiðlasamninganna og um viðmið fyrir uppgjöri þeirra. Fram komu sterkar röksemdir fyrir því að víkja bæri samningunum til hliðar vegna margvíslegrar markaðsmisnotkunar af hálfu bankanna fyrir hrunið. Það var samdóma niðurstaða þeirra sem sjóðirnir leituðu til að málaferli um gildi samninganna væru áhættusöm, svo að skynsamlegt væri að leita samninga til að takmarka tjón sjóðanna sem mest. Var sú leið valin og tókst í þeim samningum sem gerðir voru að takmarka mjög veruleg neikvæð áhrif af uppgjöri samninganna á fjárhag sjóðanna. Töluverður fjöldi dóma hefur fallið sem staðfesta að skynsamlegt var að semja um uppgjör samninganna þar sem viðunandi niðurstaða fékkst. Dómur í máli Norvikur breytir ekki því mati.



# Birting héraðsdóma á netinu – nauðsyn eða of langt gengið

## DÓMSMÁL

Kristín Edwald  
Hæstaréttarlögmaður



**A**vef Hæstaréttar Íslands eru allir dómar Hæstaréttar birtir. Þar er jafnframt að finna einfalda en skilvirka leitarvél sem gerir dómama mjög aðgengilega almenningi.

Í ákveðnum tilvikum er nafnleyndar gætt í dómum Hæstaréttar. Í einkamálum á það við ef um viðkvæm persónuleg mál er að ræða, t.d. forsjármál eða skilnaðarmál.

Í sakamálum eru nöfn sakfelldra manna jafnan birt en nafnleyndar gætt um aðra, svo sem brotaþola og vitni. Einnig er nafnleyndar ákærða gætt ef birting á nafni hans er andstæð hagsmunum brotaþola. Ef sakaður maður er sýknaður er nafn hans ekki birt.

Hæstiréttur kveður jafnan upp dóma í munnlega fluttum málum kl. 16 á fimmtudögum. Dómsuppsagan er formleg dómsathöfn sem opin er öllum og eru nokkrir dómar kveðnir upp í hvert sinn. Dómarnir eru birtir á vefnum hálfri klukkustund síðar. Hæstiréttur kveður upp dóma í skriflega fluttum kærumálum alla virka daga. Niðurstaða slíkra mála er ekki tilkynnt með eins formlegum hætti heldur er málflytjendum tilkynnt hún símleiðis og dómurinn birtur samdægurs á vefnum. Í sakamálum kann þó birtingu dóma í kærumálum að vera frestað vegna rannsóknarhagsmuna.

Mjög vel er staðið að birtingu dóma Hæstaréttar hvort sem er séð með sjónarhorni lögmannna, almennings eða fjölmiðla. Efasemdir hafa þó verið um að nauðsynlegt sé að birta nöfn aðila og vitna í einkamálum, hvort það kunni að valda því að einstaklingar hiki við að leita réttar síns.

Nær óumdeilt er að rétt sé að birta dóma Hæstaréttar á netinu. Um er að ræða endanlega niðurstöðu áfrýjunar-dómstóls sem hefur í mörgum tilvikum ríkt fordæmisgildi og skýrir gildandi rétt. Sjálfsögð krafa í lýðræðisríki er að dómar æðsta dómstólsins séu eins aðgengilegir og kostur er. Hins vegar eru skiptar skoðanir um birtingu héraðsdóma enda hafa þeir ekki fordæmisgildi hæstaréttardóma.

Í réttarríkinu er mikilvægt að dómstólar starfi fyrir opnum tjöldum. Þinghöld eiga að meginstefnu til að vera öllum opin, háð í heyranda hljóði eins og það er orðað, enda er slíkt veigamikill þáttur réttaröryggisins. En þótt dóm-salirnir séu opnir og fólki frjálst að vera viðstatt það sem þar fer fram þarf fólk að bera sig eftir því. Fólk þarf að mæta á staðinn. Ekki er hægt að fara inn á vefmyndavélar og velja t.d. dómsal 101 í Dómhúsinu við Lækjartorg. Þar er því ákveðinn þröskuldur ef svo má að orði komast. Spurningar hafa því vaknað um hvort eitthvað annað eigi að gilda um birtingu dóma héraðsdómstólanna en um þinghöldin. Hvort héraðsdómama eigi að birta á sama hátt og dómar Hæstaréttar eru birtir, þ.e. á netinu, eða hvort nægjanlegt sé að endurrit þeirra sé aðgengilegt ef óskað er eftir því. Eins og áður segir hafa dómar héraðsdómstóla ekki fordæmisgildi hæstaréttardóma og því hafa komið fram sjónarmið um að réttarörygginu sé nægilega fullnægt með því að endurrit héraðsdóms sé aðgengilegt ef um það er beðið. Einnig hafa verið sett fram þau rök sem fyrr er getið, að nafnbirtingar í einkamálum, sérstaklega á netinu, fæli fólk frá að leita réttar síns.

Dómstólaráð, sem fer með yfirstjórn stjórnisýslu héraðsdómstólanna, setti fyrr á þessu ári nýjar reglur um birtingu dóma og úrskurða á heimasíðu héraðsdómstólanna. Reglurnar taka gildi um áramótin. Þær munu breyta framkvæmd við birtingu héraðsdóma nokkuð og koma m.a. til móts við tvennt sem sérstaklega hefur verið gagnrýnt undanfarin ár við birtingu héraðsdóma. Annars vegar er það samræmi við birtingu héraðsdóma og hins vegar nafnbirtingar í einkamálum. Hvað fyrra atriðið varðar hefur allur gangur verið á því í framkvæmd hvort þeir dómar sem heimilt er að birta samkvæmt eldri reglum dómstólaráðs hafa verið birtir eða ekki. Ástæðan er sú að í framkvæmd hefur hverjum og einum héraðsdómara í raun verið í sjálfsvald sett hvort dómur skuli birtur eða ekki. Nýju reglurnar kveða á um að skrifstofur héraðsdómstólanna skuli annast birtinguna og bera ábyrgð á henni. Mun það án efa leiða til aukins samræmis í birtingu héraðsdóma. Síðara atriðið, þ.e. að hætt verður að birta nöfn aðila og vitna í einkamálum, kemur til móts við þá gagnrýni að engin rök séu fyrir því að birta nöfn aðila og vitna í einkamálum. Sú gagnrýni á við á báðum dómstigum og hugsanlega kann þessi breyting á reglum um birtingu héraðsdóma að kalla á breytingu hvað birtingu hæstaréttardóma varðar.

Mín skoðun er sú að rétt sé að birta héraðsdóma á netinu. Tryggt þarf þó að vera að framkvæmdin sé samræmd, allir dómar sem heimilt er að birta séu birtir, dómar séu birtir innan hæfilegra tímamarka og síðast en ekki síst að gætt sé að sjónarmiðum er lúta að persónuvernd. Hinar nýju reglur dómstólaráðs um birtingu héraðsdóma gæta að þessu öllu og þeim ber að fagna.


„Í réttarríkinu er mikilvægt að dómstólar starfi fyrir opnum tjöldum. Þinghöld eiga að meginstefnu til að vera öllum opin, háð í heyranda hljóði eins og það er orðað, enda er slíkt veigamikill þáttur réttaröryggisins.“



Deildu með umheiminum







# Eatwell vill að AGS baktryggi samkomulag

## STJÓRNMÁL

Pórður Snær Júlíusson  
[thordur@kjarninn.is](mailto:thordur@kjarninn.is)



Deildu með  
umheiminum

**B**est yrði ef kröfuhafar fallinna banka og íslenska ríkið næðu samkomulagi um hvernig gera ætti upp snjóhengjuna sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) myndi baktryggja. Þetta er skoðun Johns Eatwell lávarðar, en hann kynnti óháð mat sitt á því hvernig þjóðhagslegt jafnvægi og aflétting gjaldeyrishafta ætti að eiga sér stað og hvaða atriði ættu að vera til hliðsjónar við uppgjör á þrotabúi föllnu bankanna. Niðurstöður Eatwells, sem er hagfræðingur og forseti Queen's College við Cambridge-háskóla í Bretlandi, voru



kynntar á fundi sem þrotabú Glitnis stóð fyrir í London á þriðjudag. Slitastjórnin hafði sóst eftir álitinu í ágúst síðastliðnum.

## **Snjóhengjan afleiðing af skorti á greiðslufalli**

Að mati Eatwells lávarðar fylgir því mikil áhætta að aflétta höftum á Íslandi og gefa þar með flæði fjármagns frjálst. Íslenska krónan gæti auðveldlega fallið enn meira, sem myndi draga úr raunverulegri afkomu Íslands, verðbólga myndi aukast og skuldir í erlendum gjaldmiðlum rjúka upp.

Eatwell telur að Íslendingum hafi tekist nokkuð vel upp við að takast á við efnahagshrunið sem átti sér stað haustið 2008. Hann benti hins vegar á í erindi sínu að snjóhengja íslenskra krónueigna sem nú væri eitt stærsta efnahagsvandamál íslenskrar þjóðar væri afleiðing af þeirri ákvörðun að lýsa ekki yfir greiðslufalli (e. default) gagnvart erlendum skuldum sínum. Þess í stað hefði verið ákveðið að setja upp höft á fjármagnsflutninga, sem hömluðu nú fjárfestingu á Íslandi verulega. Auk þess drægi óvissa um hvenær höftum yrði aflétt úr trausti á Íslandi.

Lávarðurinn segir snjóhengjuna hafa mikil áhrif á íslenskt efnahagslíf. Hún liggi meðal annars sem mara yfir allri umræðu um efnahagsmál og stjórnsmál. Að mati Eatwells kemur snjóhengjan í veg fyrir þróun venjulegra markaðssamskipta á öðrum sviðum efnahagslífsins og dregur tilfinnanlega úr möguleikum íslensku þjóðarinnar til að bæta stöðu sína, beinni erlendri fjárfestingu og trausti á íslenskt efnahagslíf.

Hann telur hins vegar óráð fyrir Ísland að ætla sér að borga niður íslenskar krónueignir erlendra aðila með því að skipta þeim yfir í gjaldeyri, enda gerðu spár um þróun greiðslujafnaðar íslenska þjóðarbúsins ráð fyrir að það myndi taka óratíma. Afborganir innlendra aðila, utan Seðlabanka og ríkis, á erlendum lánnum á tímabilinu 2013 til 2018 eru enda 385 milljörðum krónum hærri en áætlanir um viðskiptaafgang gera ráð fyrir að sitji eftir í þjóðarþúinu.



Glærur úr  
erindi Eatwells  
lávarðar

## PROJECT CLOSE

Eatwell lávarður ræddi líka þær tillögur sem breska ráðgjafarfyirtækið Talbot Hughes McKillop vann fyrir hinn svokallaða krónuhóp kröfuhafa Glitnis og Kaupþings. Um er að ræða þær sviðsmyndir sem Kjarninn greindi í 8. útgáfu sinni sem kom út 10. október síðastliðinn. Þær sýna leiðir sem kröfuhafarnir eru tilbúnir að fara miðað við hvernig Íslandsbanki og Arion banki, stærstu innlendu eignir þeirra, og uppgjör við innlenda kröfuhafa þróast.

Samkvæmt þessum sviðsmyndum eru heildareignir þrotabúanna í íslenskum krónum 396 milljarðar króna. Stærstur hluti þeirra er eignarhlutur í Íslandsbanka og Arion banka. Sviðsmyndirnar gera ráð fyrir því að Íslendingar eigi tvenns konar möguleika á „afslætti“ við uppgjör á þessum eignum. Annars vegar geti innlendir aðilar fengið að kaupa annan bankann með ríflegum afslætti ef þeir borgi með erlendum eignum. Hinn yrði

þá seldur útlendingum. Hinn afslátturinn yrði við útgreiðslu krafna til innlendra aðila, en þeir eiga um sex prósent af heildarkröfum á bankana tvo. Samkvæmt „Project Close“ myndu kröfuhafarnir vilja „kaupa“ þær erlendu eignir sem íslensku kröfuhafarnir eiga að fá við útgreiðslu í íslenskum krónum og eru tilbúnir að gefa eftir 70 milljarðar króna við það uppgjör. Ávinningur af því myndi renna að mestu til Seðlabanka Íslands, sem á um 2/3 hluta af innlendum kröfum í bú Glitnis og Kaupþings.

Allar sviðsmyndirnar gera hins vegar ráð fyrir því að við uppgjör bankanna verði eftir skuldabréf milli þrotabúanna og kröfuhafanna upp á 70 til 277 milljarða króna, eftir því hvernig gengur að selja bankana tvo.

Afar ólíklegt er að Seðlabankinn og önnur yfirvöld muni fallast á svona lausn.

### Gengisfall yrði vandamál Íslands og AGS

Eatwell lávarður segir því ljóst að stór gjaldeyrisfærsla á viðskiptalegum grunni sé nauðsynlegt. Sú lausn sem yrði valin yrði að vera skynsamleg, sveigjanleg og þannig að báðir samningsaðilar, kröfuhafar og íslensk yfirvöld, gætu verið sáttir við hana. Að mati Eatwells væri best að kröfuhafar og íslenska ríkið næði samkomulagi sem AGS styddi. Í því samkomulagi væri mögulegt að AGS veitti skilyrta fjármögnun í erlendri mynt (e. contingent funding) til að auka trúverðugleika afnáms hafta sem fylgdu í kjölfar samkomulags. Eatwell telur AGS eiga hagsmuna að gæta í farsælli lausn á þessu risavaxna vandamáli, enda yrði það hans að takast á við afleiðingarnar, ásamt íslenskum yfirvöldum, ef gengi krónunnar félli mikið þegar höftin yrðu afnumin.

k

Smelltu til að lesa  
umfjöllun Kjarnans um  
kröfuhafana





# Umbótaöflin þurfa að fylla í tómið

**STJÓRNMÁL**  
Huginn Freyr  
Þorsteinsson  
Heimspækingur



Örfáum vikum fyrir síðustu alþingiskosningar mældist Framsóknarflokkurinn stærstur allra stjórnmálaflokka á Íslandi með 29% fylgi í könnun Capacent Gallup. Hann var ekki bara stærstur heldur munaði heilum sjö prósentustigum á honum og Sjálfstæðisflokknum. Þáverandi ríkisstjórnarflokkar mældust samanlagt með 19% fylgi og þurfti að leggja fylgi Bjartrar framtíðar við þá til að jafna fylgi Framsóknar. Niðurstaða kosninganna sjálfra varð að vísu ekki eins góð fyrir Framsóknarflokkinn og þessi könnun gaf til kynna en flokkurinn taldist engu að síður sigurvegari kosninganna með yfir 24% fylgi.

Nú, rúmum sex mánuðum eftir kosningar, er komið annað hljóð í strokkinn. Segja má að fylgi Framsóknar minnki jafnt og þétt með hverjum deginum sem líður og ef svo heldur fram sem horfir verður flokkurinn líklegast orðinn sá minnsti af hinum svokallaða fjórflokki. Skýringar á fylgistapi flokksins eru nærtækar enda er kosningaloforðið sem færði honum kosningasigurinn að reynast honum hengingaról. Frá kosningum hefur ekkert bólað á útfærslum þó svo að forysta flokksins hafi heitið því að almenn niðurfærsla lána væri ekki flókin og ætti að koma fram strax.

## Lýðskrumið gæti orðið banamein

Sjálfstæðisflokkurinn siglir nokkuð lygnan sjó þó svo að fylgi hans í könnunum sé langt undir sögulegu fylgi flokksins og sé nú á bilinu 25-27%. Fylgi flokksins kann þó að fara enn neðar ef óvinsældir ríkisstjórnarinnar verða enn meiri. Áhyggjur Þorsteins Pálssonar í Fréttablaðinu á dögnum voru í þessa veru. Hann benti á að það fælust hættur í því fyrir Sjálfstæðisflokkinn að starfa undir forystu flokks sem best væri líkt við danska Þjóðarflokkinn. Lýðskrumið sem leiddi til sigurs Framsóknar gæti orðið banamein ríkisstjórnarinnar. En Sjálfstæðisflokkurinn þarf einnig að horfast í augu við eigið lýðskrum því viðspyrnan sem átti að verða í hagkerfinu við það eitt að sjálfstæðismenn settust í ráðherrastóla er ekki í auglýsingu. Raunar hrannast óveðurskýin yfir íslensku hagkerfi um þessar mundir. Flokkurinn mislas líka algjörlega hversu óvinsælt yrði að lækka sérstakt veiðigjald og afnema auðlegðarskattinn.

Til viðbótar eiga ríkisstjórnarflokkarnir enn eftir að ná lendingu í fjárlagafrumvarpinu en það er vart nokkur í stjórnarflokkunum sem mælir því bót. Þá sýnir nýleg skoðanakönnun Capacent Gallup að tveir þriðju hlutar þjóðarinnar eru óánægðir með frumvarpið en aðeins einn sjötti er ánægður með það. Yfirlýsingar forsvarsmanna ríkisstjórnarflokka um að frumvarpið komi ríkissjóði á núllið virðast fjarlægur veruleiki miðað við þær betrubætur sem á frumvarpinu þarf að gera. Síendurtekin og gáleysisleg ummæli formanns fjárlaganefndar um hvernig hinir og þessir hópar í samfélaginu eigi skilið niðurskurð vegna skoðana sinna eða innrætis hafa heldur ekki hjálpað í umræðum um frumvarpið.

## Dýr lexía fyrir umbótaöflin

Til þessa hefur stjórnarandstaðan leyft stjórnarflokkunum að eiga sviðið og má það heita skynsamlegt. Fáir ef nokkur þar innanbúðar hafði ímyndað sér að núverandi ríkisstjórn gæti átt jafn slæma daga og raun ber vitni. Þessi slæma byrjun og enn erfiðari tímar fram undan hjá nýju ríkisstjórninni eru þó að reynast umbótaöflum samfélagsins dýr lexía. Með umbótaöflum á ég við fólk bæði utan og innan flokka sem staðsetur sig á miðju stjórnmála og yfir til vinstri. Fólk sem vill tryggja jöfnuð í samfélaginu, kynjajafnrétti, atvinnu handa öllum og umhverfisvernd. Innan þessa hóps voru háværar gagnrýnisraddir á verk síðustu ríkisstjórnar. Gagnrýnin sem slík var ekki slæm en vandinn við hana var að margt af því sem varðaði veginn í þessa átt var gagnrýnt sem ófullnægjandi og því var ríkisstjórninni stillt upp sem tapara. Þetta afhjúpast hvað rækilegast núna við þau harmakvein er heyrast í sömu hópum þegar núverandi ríkisstjórn hverfur frá umbótunum.

Vandinn var sá að í stað þess að viðurkenna að hvert skref sem stigið var að settu marki sem árangur var það túlkað sem ósigur ef lokatakmarkinu var ekki náð í einu skrefi. Þannig var Rammaáætlun talin vera ósigur vegna þess að þau svæði sem tilteknir náttúruverndarsinnar vildu að færu í verndarflokk rötuðu flest þangað en ekki öll. Þó var ljóst að um algjör tímamót væri að ræða í náttúruvernd á Íslandi. Einnig voru þær breytingar sem gerðar voru á fiskveiðistjórnunarkerfinu með tilkomu sérstaks veiðigjalds talinn ósigur út af því að kerfinu var ekki algjörlega bylt samkvæmt ítrustu forskrift. Í stað þess að viðurkenna sigur í málum og byggja á honum til enn frekari framfara var tilhneigingin að draga úr vægi umbóta með brigslum um svik. Þessi tilhneiging innan raða síðustu stjórnarflokka aðstoðaði Sjálfstæðisflokkinn og Framsóknarflokkinn einna mest við að grafa undan þáverandi ríkisstjórn. Í kosningunum birtist svo sundrunin í ógrynni flokksbrota sem tóku til sín mikið heildarfylgi en náðu engum árangri og styrktu núverandi meirihluta. Einnig er það umhugsunarefni að eftir kosningar hefur Björt framtíð, einn stjórnarandstöðuflokka, haldið sig að mestu til hlés í þeirri hugmyndafræðilegri togstreitu sem nú á sér stað. Af formanni flokksins er það að skilja að togstreitan sé ekki til og að allt slíkt sé hægt að lægja með ásyndarvinnu eins og að koma Alþingi á Facebook. Þótt það skapi ákveðin tækifæri fyrir hina stjórnarandstöðuflokkana mun hjáseta flokksins styrkja rúman meirihluta ríkisstjórnarinnar.

Um þetta mega umbótaöflin hugsa nú þegar stefnir í átakavetur í íslenskum stjórnmálum. Ákveðnar hættur geta skapast í íslensku samfélagi ef ríkisstjórnin stenst engar væntingar kjósenda. Að fólk gefist hreinlega upp á stjórnmálum og tómlæti gripri um sig gagnvart þeim. Samvinna um leiðir aðrar en þær sem Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur boða gæti mætt slíkri hættu.

„Í stað þess að viðurkenna sigur í málum og byggja á honum til enn frekari framfara var tilhneigingin að draga úr vægi umbóta með brigslum um svik.“



Deildu með umheiminum



Aðeins í iPad!

# EXIT

KJARNINN MÁLUR MÍÐ

## Rauðum öppum

Smelltu öppum til að sækja þú frá App Store

Þú getur sækjað þetta efni á [www.kjarninn.is](#)

## Já, er það...

Hversu vel lest þú Kjarnann?

I

Steingrímur J. Sigfússon,  
fyrirverandi formaður  
Vinstrihreyfingarinnar –  
græns framboðs, skrifar  
grein í Kjarnann í dag.

Katrín Jakobs-  
dóttir, formaður  
Vinstrihreyfingarinnar  
– græns framboðs, skrifar  
grein í Kjarnann í dag.

II

Frægir tónleikar Megasar,  
sem kallaðir voru Öng að

Frægir tónleikar Megasar

# Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans

FRÍTT

fyrir það að þjónusta  
öðla í nágrenni við þig



MAP MY RIDE

Ættar þú að hjóla í vetur?  
Þá er réttast að skrá þad  
vel og vandlega.

Þú getur sækjað þetta efni á [www.kjarninn.is](#)

DRAGDU TIL AÐ SJÁ MEIRA

FRÍTT

íslendinga í skák

## Samfélagið segir...

Um góðgerðarleik Visis.is, 365 miðlar ætla að borga 25 krónur til Barnaspítala Hringins fyrir hvert „læk“ sem Facebook-síða Visis fær.



HRAFN JÓNSSON [@hrfnj](#)  
„Góðgerðarþingingur“ ætti ekki að merkja að taka þátt í  
þessum góðgerðarþingi er ókeypis og er það gott að  
þetta sé til gættur og gættur.

Aðeins í iPad!

# EXIT

Í KJARNADFNINUM 1. nóvember 2013

VENTU MED A NETINU

## Kjarninn á...

Smelltu á myndir til að fara á vefinn

# Þetta efni er aðeins aðgengilegt í iPad-útgáfu Kjarnans



[instagram.com/Kjarninn](https://www.instagram.com/Kjarninn)

hlutum þótt þeir séu algörlega ólíkir.

Það að stofna fyrirtæki er í grunninn  
eins hjá öllum," segir Stefan Þór.

## Drepum tímann

Fátt er betra til að drepja  
tímann en að spila borðspil  
við sjálfan sig. Smelltu til að  
spila klassískan „solitaire“ eða  
ráða sudoku-þrautir.



KAPALL

SUDOKU





Á hverjum degi snerta heimsforeldrar UNICEF líf barna um allan heim. Með mánaðarlegum framlögum gera þeir UNICEF kleift að bæta líf bágstaddra barna til frambúðar.

Má bjóða þér að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni með okkur?

Kynntu þér málið á [www.unicef.is](http://www.unicef.is)

unicef 